Í leiðbeiningum sem framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gaf út og samsvara þessum leiðbeiningum telst aðstoð sem auðveldar fyrirtækjum að laga sig að lögboðnum stöðlum bandalagsins, eða skattundanþágur sem leiða til lægri skatta en lagðir eru á í bandalaginu, alla jafna ósamrýmanleg reglum um ríkisaðstoð. Aðstoð sem miðar að því að vernda umhverfið umfram það sem krafist er í tilteknum stöðlum kann hinsvegar að teljast ásættanleg, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Sama gildir um skattundanþágur sem ekki stríða gegn lögboðnum lágmarkssköttum bandalagsins og sem í eðli sínu eru tímabundnar.

Í því skyni að tryggja jöfn samkeppnisskilyrði alls staðar á EES vill Eftirlitsstofnunin því nota sömu viðmið þegar hún metur hvort umhverfisaðstoð í EFTA-ríkjunum samrýmist framkvæmd EES-samningsins. Þetta þýðir að þessar leiðbeiningar vísa til þeirra bandalagsstaðla og ráðstafana bandalagsins á sviði skattasamræmingar sem til eru.

Eftirlitsstofnunin leggur áherslu á að slíkar tilvísanir í löggjöf bandalagsins þýði ekki að EFTA-ríkjunum sé skylt að fara að bandalagsrétti ef slík löggjöf hefur ekki verið tekin upp í EES-samninginn. Þær eru eingöngu grundvöllur til þess að meta hvort aðstoð samrýmist framkvæmd EES-samningsins í skilningi 3. mgr. 61. gr.⁽³⁾.

⁽¹⁾ Þessi kafl samsvarar leiðbeiningum Evrópubandalagsins um ríkisaðstoð á sviði umhverfisverndar (Stjtið. EB C 37, 3.2.2001, bls. 3).

⁽²⁾ Sjá 5. lið.

⁽³⁾ Eftirlitsstofnunin bendir á niðurstöður EFTA-dómstólsins í máli milli Noregs og Eftirlitsstofnunarinnar um mismunandi framlög til almannatrygginga í Noregi þar sem dómstóllinn vakti athygli á að almenna reglan sé sú að skattkerfi EES/EFTA-ríkis falli ekki undir EES-samninginn. Í ákveðnum tilvikum kunni slíkt kerfi þó að hafa þær afleiðingar í för með sér að það falli undir gildissvið 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins. (EFTA-dómstóllinn, Mál E-6/98, norska ríkið gegn Eftirlitsstofnun EFTA, 1999. Skýrsla EFTA-dómstólsins, 34. gr. bls. 74).

6. Í þessum leiðbeiningum fer Eftirlitsstofnunin þá leið að ákveða hvort og við hvaða aðstæður megi telja ríkisaðstoð nauðsynlega til þess að tryggja umhverfisvernd og sjálfbæra þróun án þess að skaða samkeppni og hagvöxt. Þessi greining verður að vera gerð í ljósi þess lærdóms sem draga má af framkvæmd leiðbeininganna frá 1994 og í ljósi þeirra breytinga sem síðan hafa orðið í umhverfismálum.

B. SKILGREININGAR OG GILDISSVIÐ

7. *Hugtakið umhverfisvernd:* Í þessum leiðbeiningum skilur Eftirlitsstofnunin „umhverfisvernd“ sem allar aðgerðir í því skyni að ráða bót á eða koma í veg fyrir spjöll á náttúrulegu umhverfi okkar eða auðlindum, eða til þess að hvetja til skynsamlegrar nýtingu þessara auðlinda.

Eftirlitsstofnunin lítur á orkusparandi ráðstafanir og notkun endurnýjanlegra orkugjafa sem aðgerð til þess að vernda umhverfið. Orkusparandi ráðstafanir ber m.a. að skilja sem aðgerð sem gerir fyrirtækjum kleift að draga úr orkunotkun við framleiðslu. Hönnun og framleiðsla véla eða flutningstækja sem hægt er að starfrækja með færri náttúrulegum orkugjöfum falla ekki undir þessar leiðbeiningar. Aðgerð sem gripið er til í verksmiðjum eða öðrum framleiðslueiningum í því skyni að efla öryggi eða hreinlæti er mikilvæg og kann að eiga rétt á ákveðinni tegund aðstoðar, en fellur ekki undir þessar leiðbeiningar.

Hugtakið innfelling kostnaðar: Í þessum leiðbeiningum merkir „innfelling kostnaðar“ meginregluna um að fyrirtæki skuli taka allan kostnað vegna umhverfisverndar inn í framleiðslukostnað.

Mengunarbótareglan: Meginreglan um að mengunarvaldur skuli bera kostnað vegna aðgerða til þess að berjast gegn mengun.

Mengunarvaldur: Mengunarvaldur er sá sem beint eða óbeint skaðar umhverfið eða skapar skilyrði sem leiða til slíks skaða⁽⁴⁾.

Verð sem endurspeglar kostnað: Þessi regla kveður á um að verð vöru eða þjónustu skuli taka til ytri kostnaðar sem tengist skaðlegum áhrifum framleiðslu eða markaðssetningar þeirra á umhverfið.

Bandalagsstaðall⁽⁵⁾: Lögboðinn staðall í Evrópubandalaginu þar sem kveðið er á um markmið sem á að ná í umhverfismálum og skylduna til að nota fullkomnustu tækni sem völ er á (best available techniques (BAT))⁽⁶⁾ án þess að það hafi í för með sér óhóflegan kostnað.

Endurnýjanlegir orkugjafar: Endurnýjanlegir orkugjafar aðrir en jarðefnaorkugjafar, svo sem vindorka, sólarorka, jarðhitaorka, ölduorka, sjávaraflaorka, vatnsraforkuver undir 10 MW og lífmassi, þar sem lífmassi er skilgreindur sem landbúnaðar- eða skóráktarafurð, grænmetisúrgangur frá landbúnaði, skógrækt eða matvælaíðnaði og óunninn viðar- eða korkúrgangur⁽⁷⁾.

⁽⁴⁾ Tilmæli ráðsins frá 3. mars 1975 um kostnaðarskiptingu og aðgerðir opinberra yfirvalda í umhverfismálum (Stjtið. EB L 194, 25.7.1975, bls. 1), sem tekin voru upp í 33. lið XX. viðauka EES-samningsins um lokagerðir sem samningsaðilar skulu taka tillit til.

⁽⁵⁾ Sjá 5. lið (Þegar slíkir staðlar eru felldir inn í EES-samninginn verða þeir í reynd að EES-stöðlum).

⁽⁶⁾ Hugtakið fullkomnasta tækni sem völ er á var tekið upp í bandalagsrétt með tilskipun ráðsins 76/464/EEB frá 4. maí 1976 um mengun af völdum tiltekinna hættulegra efna sem losuð eru í vatnsumhverfi í bandalaginu (Stjtið. EB L 129, 18.5.1976, bls. 23) og kom aftur fyrir, í aðeins breyttu formi í tilskipun ráðsins 84/360/EEB frá 28. júní 1984 um baráttu gegn loftmengun frá iðjuverum (Stjtið. EB L 188, 16.7.1984, bls. 20). Báðar þessar tilskipanir hafa verið teknar upp í XX. viðauka EES-samningsins. Tilskipun ráðsins 96/61/EB frá 24. september 1996 um samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun (Stjtið. EB L 257, 10.10.1996 bls. 26, „svokölluð IPPC-tilskipun“ (integrated pollution prevention and control)) útfærði og staðfesti þetta hugtak. Þessi tilskipun hefur einnig verið tekin upp í XX. viðauka við EES-samninginn. Gildissvið IPPC-tilskipunarinnar tekur til iðjuvera sem geta mengað mjög mikið. Tilskipuninni hefur verið beitt frá því í nóvember 1999 gagnvart nýjum verum og fyrirliggjandi verum sem verulegar breytingar hafa verið gerðar á. Fyrirliggjandi ver verða að uppfylla reglur IPPC-tilskipunarinnar fyrir október 2007. Þangað til gilda ákvæði tveggja fyrrnefndra tilskipana varðandi hugtakið um fullkomnustu tækni sem völ er á. Að meginreglu til eru raunverulegir staðlar, þ.e. viðmiðunarmörk fyrir losun eða notkun, sem grundvallast á að beita fullkomnustu tækni sem völ er á, ekki settir á EES-vettvangi heldur af innlendum yfirvöldum.

⁽⁷⁾ Þessa skilgreiningu er að finna í tillögu framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um að stuðla að aukinni notkun rafmagns frá endurnýjanlegum orkugjöfum á sameiginlega rafmagnsmarkaðinum (Stjtið. EB C 311E, 31.10.2000, bls. 320). Þegar tilskipunin hefur verið samþykkt mun skilgreiningin í endanlegum texta gilda. Hvað þetta varðar sjá 5. lið þessara leiðbeininga.

Raforka frá endurnýjanlegum orkugjöfum: Raforka framleidd af veri sem notar eingöngu endurnýjanlega orkugjafa, og sú raforka sem verður til við nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa í blönduðu veri sem notar hefðbundna orkugjafa, einkum til vara⁽⁸⁾.

Umhverfisskattur: Líta má svo á að skattur sé umhverfisskattur ef skattgrundvöllurinn hefur greinilega skaðleg áhrif á umhverfið. Hinsvegar er einnig hægt að telja skatt vera umhverfisskatt sem hefur ekki jafn greinileg, en þó greinanlega jákvæð áhrif á umhverfið. Það hvílir almennt á viðkomandi EFTA-ríki að sýna fram á áætluð umhverfisáhrif af skattinum⁽⁹⁾.

8. *Gildissvið:* Þessar leiðbeiningar gilda um aðstoð⁽¹⁰⁾ til að vernda umhverfið á öllum sviðum sem EES-samningurinn tekur til, þar með talin þau sem falla undir sérstakar EES-reglur um ríkisaðstoð (stálvinnsla⁽¹¹⁾, skipasmíðar, vélknúin ökutæki, gervitrefjar og flutninga⁽¹²⁾). Ríkisaðstoð vegna rannsókna og þróunar á sviði umhverfismála fellur undir reglur sem kveðið er á um í leiðbeiningum um aðstoð á sviði rannsókna og þróunar⁽¹³⁾. Á sama hátt telur Eftirlitsstofnunin að eðli aðstoðar vegna þjálfunarstarfsemi á sviði umhverfismála réttlæti ekki að farið sé með slíka aðstoð sérstaklega, og er slík aðstoð því skoðuð með hliðsjón af gildandi reglum um þjálfunaraðstoð⁽¹⁴⁾.

Samkvæmt 3. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar nr. 2496/96/KSE frá 18. desember 1996⁽¹⁵⁾ um reglur um ríkisaðstoð til stáliðnaðarins, sem tekin var upp í EES-samninginn með XV. viðauka, verður haldið áfram að skoða aðstoð til umhverfisverndar í stáliðnaðinum með hliðsjón af 15. kafla leiðbeininga Eftirlitsstofnunarinnar frá 19. janúar 1994 um aðstoð á sviði umhverfisverndar þar til 22. júlí 2002.

Þessar leiðbeiningar gilda ekki um strandaðan kostnað sem fjallað verður um sérstaklega⁽¹⁶⁾. Eftirlitsstofnunin bendir á að lágmarksaðstoð, þ.e. aðstoð undir 100 000 evrum sem veitt er fyrirtæki til þriggja ára, fellur ekki undir 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Slík aðstoð verður skoðuð með hliðsjón af gildandi reglum um lágmarksaðstoð⁽¹⁷⁾. Reglur um lágmarksaðstoð gilda hinsvegar hvorki um flutninga né svið sem falla undir 27. gr. og bókun 14 og 25 í EES-samningnum.

C. RÍKISAÐSTOÐ OG UMHVERFISSTEFNA

9. Samkvæmt 73. - 75. gr. EES-samningsins (sbr. níunda lið í formála) hafa samningsaðilar óskorðað vald á sviði umhverfismála. Þessi ákvæði staðfesta „mengunarbótaregluna“ sem felur í sér að fyrirtæki reikni kostnað vegna umhverfisverndar líkt og hvern annan framleiðslukostnað. Hins vegar ganga ákvæðin lengra með því að krefjast þess að umhverfisvernd sé tekin með í reikninginn við framkvæmd annarra stefnumiða samningsaðilanna og þar er lögð áhersla á nauðsyn forvarna. Sú meginhugmynd að taka skuli umhverfismótun með í annarri stefnumörkun er sett fram, ásamt hugtakinu um „sjálfbæra þróun“, í fimmtu rammaáætlun EB um umhverfismál, undir fyrirsögninni „Sjálfbær þróun“ og samþykkt 1993⁽¹⁸⁾. Með þessu er viðurkennt að ekki hefur tekist fyllilega að tvinna umhverfisstefnu við aðrar stefnur þegar notaðar hafa verið hefðbundnar leiðir sem byggja nær eingöngu á reglugerðum og sérstökum stöðlum. Í þessari áætlun er því mælt með að fundnar verði fleiri leiðir við stefnumótun. Mismunandi aðgerðir (reglugerðir, valfrjálssr aðgerðir og efnahagsaðgerðir) eða sambland þeirra getur verið besta leiðin til þess að ná æskilegum markmiðum í umhverfismálum í gefnu tilviki, allt eftir lagalegum, tæknilegum, efnahagslegum og félagslegum

⁽⁸⁾ Sama athugasemd og í 7. nmgr.

⁽⁹⁾ Tilkynning framkvæmdastjórnarinnar - Umhverfisskattur og gjöld á innri markaðinum (Stjtið. EB C 224, 23.7.1997, bls. 6).

⁽¹⁰⁾ Markmið þessara leiðbeininga er ekki að fjalla um hugtakið ríkisaðstoð út frá 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins og dómafordæmi EFTA-dómstólsins, dómstóls Evrópubandalaganna og dómstóls Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi.

⁽¹¹⁾ Innan markanna sem kveðið er á um í annarri málsgrein í 8. lið.

⁽¹²⁾ Eftirlitsstofnunin bendir á að þessar leiðbeiningar varða eingöngu umhverfisaðstoð, með fyrirvara um gildissvið annarra ákvæða um ríkisaðstoð og innan ramma reglnanna um sameinaða aðstoð í 66. lið hér á eftir.

⁽¹³⁾ 14. kafla leiðbeininga Eftirlitsstofnunarinnar.

⁽¹⁴⁾ Kafla 18A í leiðbeiningum Eftirlitsstofnunarinnar þar til reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr 68/2001 frá 12. janúar 2001 um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart þjálfunaraðstoð (Stjtið. EB L 10, 13.1.2001, bls. 20, hefur verið felld inn í EES-samninginn.

⁽¹⁵⁾ Stjtið. EB L 338, 28.12.1996, bls. 42.

⁽¹⁶⁾ Með „strönduðum kostnaði“ er átt við kostnað sem fyrirtæki verða að bera vegna gerðra skuldbindinga sem þau geta ekki lengur staðið við vegna afnáms hafta á viðkomandi sviði.

⁽¹⁷⁾ 12. kafla leiðbeininga Eftirlitsstofnunarinnar þar til reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 69/2001 frá 12. janúar 2001 um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart reglunni um lágmarksaðstoð, Stjtið. EB L 10, 13.1.2001, bls. 30, hefur verið felld inn í EES-samninginn.

⁽¹⁸⁾ Stjtið. EB C 138, 17.5.1993, bls. 1, tekin upp í EES-samninginn með 3. gr. bókunar 31 við samninginn.

aðstæðum. Í þessu efni geta bæði jákvæð fjárhagsleg hvatning, þ.e. styrkir, svo og neikvæð hvatning, þ.e. skattar og álögur, átt við.

10. Árið 1996 gerði framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna stöðuskýrslu um fimmtu rammaáætlunina um umhverfismál. Í skýrslunni kemur fram að heildarstefna og markmið áætlunarinnar séu enn í gildi. Engin vafi er á því að framfarir hafa átt sér stað í að flétta umhverfissjónarmiðum og sjónarmiðum um sjálfbæra þróun saman við önnur stefnumið. Hinsvegar hafa ekki orðið raunverulegar afstöðubreytingar hjá aðilum sem hlut eiga að máli: stefnumótandi aðilum, fyrirtækjum og almenningi. Mikilvægt er að þróa sameiginlega ábyrgð í umhverfismálum og gera almenningi ljósa þá hagsmuni sem eru í húfi.
11. Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna samþykkti 1999 heildarmat á fimmtu rammaáætluninni. Í matinu kom fram að þrátt fyrir að áætlunin hafi náð að gera viðkomandi aðila, borgara og ákvörðunaraðila á öðrum sviðum meðvitaða um þörfina á að fylgja umhverfismarkmiðum á virkan hátt hafi ekki náðst jafnmikill árangur í að breyta efnahagslegri framvindu og atferli sem skaðaði umhverfið.
12. Í matinu kom einnig fram að „það komi æ betur í ljós að umhverfisspjöll hafa í för með sér kostnað fyrir þjóðfélagið í heild, en aftur á móti kunni aðgerðir í umhverfismálum að hafa hagstæð áhrif á hagvöxt, atvinnu og samkeppnishæfni“ og að „skilvirk beiting „mengunarbótareglunnar“ og að mengunarvaldar felli allan umhverfiskostnað inn í framleiðslukostnað skipti áfram höfuðmáli“(19).
13. Í ljósi þessa og til að tryggja samræmt eftirlit með ríkisaðstoð alls staðar á EES verður stefna Eftirlitsstofnunarinnar á sviði ríkisaðstoðar í þágu umhverfismála að uppfylla tvær kröfur:
 - a) að tryggja að markaðir starfi á samkeppnisgrundvelli, á sama tíma og innri markaðinum er komið á, og stuðla að aukinni samkeppnishæfni fyrirtækja,
 - b) að tryggja að kröfur um umhverfisvernd séu teknar upp í skilgreiningu og framkvæmd samkeppnisstefnu, einkum til að stuðla að sjálfbærri þróun. Eftirlitsstofnunin telur að innfelling kostnaðar sé forgangsmarkmið sem hægt sé að ná á ýmsan hátt, þar með talið með aðferðum sem grundvallast á markaðslögmálum eða reglugerðum sem eru mikilvægustu tækin til þess að ná fyrrnefndum markmiðum.
14. Innfelling kostnaðar vegna umhverfismála stuðlar að því að tryggja að verð endurspegli nákvæmlega kostnað, þar sem rekstraraðilar verja fjármunum sínum með hliðsjón af verði á þeirri vöru og þjónustu sem þeir vilja kaupa. Stöðuskýrslan um fimmtu áætlunina leggur áherslu á að þessu markmiði hafi ekki verið náð þar sem verð endurspegli ekki vistfræðilegan kostnað. Þetta veldur því síðan að erfiðara er að vekja almenning til meðvitundar og stuðlar að ofnýtingu náttúruauðlinda.
15. Besta leiðin til að gera alla aðila meðvitaða um kostnað sem fylgir umhverfisvernd er að tryggja að verð endurspegli kostnað á öllum stigum efnahagslífsins. Fyrir utan hugsanleg skaðleg áhrif á viðskipti og samkeppni, grefur ríkisaðstoð undan þessu markmiði því hún gerir tilteknum fyrirtækjum kleift að draga úr kostnaði á óeðlilegan hátt og veitir því ekki neytendum upplýsingar um kostnað vegna umhverfisverndar. Til langs tíma litið eru því tilteknar tegundir ríkisaðstoðar í andstöðu við markmið um sjálfbæra þróun.
16. Leiðbeiningar Eftirlitsstofnunarinnar um aðstoð til umhverfisverndar sem voru samþykktar 1994 eru hluti af þessari stefnu. Alla jafna virðist „mengunarbótareglan“ og nauðsyn þess að fyrirtæki felli kostnað vegna umhverfisverndar inn í framleiðslukostnað mæla gegn veitingu ríkisaðstoðar.

(19) Tilkygning framkvæmdastjórnarinnar - Umhverfi Evrópu: Hvaða leiðir skal fara í framtíðinni? Heildarmat á áætlun Evrópubandalagsins um stefnumótun og aðgerðir í tengslum við umhverfið og sjálfbæra þróun „Í átt til sjálfbærni“ (COM(1999) 543 lokagerð, 24.11.1999).

17. Samkvæmt leiðbeiningunum má hinsvegar réttlæta ríkisaðstoð í tveimur tilvikum:
- a) við tilteknar sérstakar aðstæður þar sem fyrirtækjum er ennþá ókleift að fella allan kostnað inn í framleiðslukostnað getur aðstoð talist næstbesta tímabundna lausnin til að hvetja fyrirtæki til þess að laga sig að stöðlum,
 - b) aðstoðin getur einnig virkað sem hvatning fyrir fyrirtæki til þess að taka upp betri staðla eða ráðast í frekari fjárfestingar til þess að draga úr mengun frá verksmiðjum sínum.
18. Í leiðbeiningunum sem voru samþykktar 1994, tók Eftirlitsstofnunin þá afstöðu að í tilteknum tilvikum væru fyrirtæki ekki ennþá í stakk búin til að fella allan kostnað inn í framleiðslukostnað og að aðstoð kynni að vera nauðsynleg tímabundið. Eftirfarandi breytingar hafa þó orðið frá því 1994:
- a) fyrirtæki hafa haft sjö ár til þess að laga sig smám saman að „mengunarbótareglunni“ og fella umhverfiskostnað inn í framleiðslukostnað,
 - b) stöðuskýrsla framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna 1996 um fimmtu rammaáætlunina og matsskýrslan frá 1999 staðfesta enn og aftur að þörf er á að gera ráð fyrir innfellingu kostnaðar og að nota markaðsaðferðir til þess að ná verulegum framförum í umhverfismálum,
 - c) notkun markaðsaðferða og eðlileg verðlagning er einnig ráðlögð í Kyoto-bókuninni um loftlagsbreytingar.
19. Því telur Eftirlitsstofnunin að hætta eigi að grípa til aðstoðar til þess að vega upp á móti því að fyrirtæki hafi látið hjá líða að fella umhverfiskostnað inn í framleiðslukostnað. Ef taka á mið af umhverfiskröfum til langs tíma litið verða verð að endurspegla nákvæmlega kostnað og fyrirtæki verða að öllu leyti að fella umhverfisverndarkostnað inn í framleiðslukostnað. Þar af leiðandi telur Eftirlitsstofnunin að ekki sé hægt að réttlæta aðstoð í þeim tilvikum þar sem fjárfestingar gera ekki meira en laga fyrirtæki að nýjum eða fyrirleggjandi tæknilegum stöðlum bandalagsins⁽²⁰⁾. Að mati stofnunarinnar mætti þó veita litlum og meðalstórum fyrirtækjum í sérstökum erfiðleikum aðstoð til þess að taka upp nýja bandalagsstaðla í þrjú ár frá því að slíkir staðlar eru samþykktir⁽²¹⁾. Aðstoð kunni að vera gagnleg þegar hún er notuð til þess að hvetja fyrirtæki til þess að ganga lengra í umhverfisvernd en krafist er í stöðlum bandalagsins. Þetta á við þegar EFTA-ríki ákveður að taka upp strangari staðla en bandalagsstaðla til þess að ná meiri vernd í umhverfismálum. Þetta gildir einnig þegar fyrirtæki fjárfestir í umhverfisvernd sem er umfram ströngustu gildandi staðla bandalagsins eða þegar engir bandalagsstaðlar eru fyrir hendi.

Sérstaða orkugeirans og skattalækanir

20. Frá því að leiðbeiningarnar voru samþykktar 1994 hafa orðið verulegar breytingar á orkugeiranum sem taka ber tillit til.
21. Tiltekin EFTA-ríki hafa samþykkt eða eru um það bil að samþykkja eða kunna að íhuga að taka upp skatta sem hvetja til umhverfisverndar. Í ákveðnum tilvikum eru undanþágur frá sköttum eða skattalækanir veittar fyrirtækjum á tilteknum sviðum til þess að komast hjá því að þau lendi í erfiðri samkeppnisstöðu. Eftirlitsstofnunin telur að ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins kunni að felast í slíkum aðgerðum. Hinsvegar er hægt að jafna skaðleg áhrif slíkrar aðstoðar með því að samþykkja skatta sem hafa jákvæð áhrif. Þar af leiðandi telur Eftirlitsstofnunin að ef slíkar undanþágur eru nauðsynlegar til þess að tryggja upptöku eða áframhaldandi skattlagningu á allar vörur þá megi fallast á þær að uppfylltum sérstökum skilyrðum og í takmarkaðan tíma. Um tíu ára tímabil getur verið að ræða ef öll skilyrði eru uppfyllt. Eftir þann tíma er EFTA-ríkjunum frjálst að tilkynna Eftirlitsstofnuninni aftur um umræddar ráðstafanir, sem getur beitt sömu aðferð við greiningu sína en tekið jafnframt mið af jákvæðum árangri sem hefur náðst hvað varðar umbætur á umhverfinu.

⁽²⁰⁾ Sbr. skilgreiningu á hugtakinu „bandalagsstaðall“ í 7. lið. Sjá einnig 5. lið.

⁽²¹⁾ Þetta er gildistöðudagur innan bandalagsins sem á við til útreiknings á heimiluðum tímabilum, sjá 5. og 7. lið.

22. Gera má ráðstafanir til að stuðla að notkun endurnýjanlegra orkugjafa og sameinaðrar hita- og orkuframleiðslu. Eftirlitsstofnunin telur því að þegar ráðstafanir til að stuðla að eflingu endurnýjanlegra orkugjafa og sameinaðrar framleiðslu á rafmagni og hita falla undir ríkisaðstoð séu þær ásættanlegar að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Þó verði að liggja ljóst fyrir að slík aðstoð stríði ekki gegn öðrum ákvæðum EES-samningsins.

D. ALMENN SKILYRÐI FYRIR SAMÞYKKT AÐSTOÐAR Í ÞÁGU UMHVERFISVERNDAR

D.1 Fjárfestingaraðstoð

D.1.1 *Tímabundin fjárfestingaraðstoð til þess að gera litlum og meðalstórum fyrirtækjum kleift að laga sig að nýjum bandalagsstöðlum*⁽²²⁾

23. Í þrjú ár frá samþykkt⁽²³⁾ nýrra staðla bandalagsins er leyfilegt að veita fjárfestingaraðstoð sem nemur allt að 15% brúttó af styrkhæfum kostnaði til þess að hjálpa litlum og meðalstórum fyrirtæki að uppfylla nýja staðla.

D.1.2 *Almenn skilyrði fyrir heimild fjárfestingaraðstoðar til fyrirtækja sem ganga lengra en kveðið er á um í bandalagsstöðlum*⁽²⁴⁾

24. Heimilt er að veita fyrirtækjum fjárfestingaraðstoð, til að gera þeim kleift að ganga lengra en kveðið er á um í gildandi bandalagsstöðlum, sem nemur að hámarki 30% brúttó af styrkhæfum fjárfestingarkostnaði, eins og skilgreint er í 32. lið. Þessi skilyrði eiga einnig við um aðstoð þegar fyrirtæki fjárfesta án þess að nokkrir bandalagsstaðlar liggi fyrir eða til þess að fara að innlendum stöðlum sem eru strangari en gildandi bandalagsstaðlar.

D.1.3 *Fjárfestingar í orku*

25. Fjárfestingar á sviði orkusparnaðar samkvæmt 7. lið teljast jafngilda fjárfestingum til þess að stuðla að umhverfisvernd. Slíkar fjárfestingar gegna meginhlutverki við að ná umhverfismarkmiðum í efnahagslegu tilliti⁽²⁵⁾. Því geta þær átt rétt á fjárfestingaraðstoð sem að grunni til nemur 40% af styrkhæfum kostnaði.
26. Fjárfestingar í sameinaðri framleiðslu á raforku og hita kunna einnig að koma til greina samkvæmt þessum leiðbeiningum ef hægt er að sýna fram á að aðgerðirnar séu til þess fallnar að vernda umhverfið vegna þess að umbreytingarnýtnin⁽²⁶⁾ er sérstaklega mikil, vegna þess að þær gera kleift að draga úr orkunotkun eða vegna þess að framleiðslan veldur ekki jafn skaðlegum áhrifum á umhverfið⁽²⁷⁾. Í þessu samhengi mun Eftirlitsstofnunin taka sérstakt tillit til þeirrar frumorku sem er notuð við framleiðsluna. Vegna slíkra fjárfestinga er heimilt að veita aðstoð sem nemur að grunni til 40% af styrkhæfum kostnaði.
27. Fjárfestingar til þess að efla endurnýjanlega orkugjafa teljast jafngilda umhverfisfjárfestingum þegar engir bandalagsstaðlar eru fyrir hendi⁽²⁸⁾. Einnig ber að hafa í huga að ráðstafanir til þess að styrkja endurnýjanlega orkugjafa eru eitt af þeim langtímaumhverfismarkmiðum sem ber helst að styðja⁽²⁹⁾. Fjárfestingaraðstoð til styrktar þess háttar orku er því 40% af styrkhæfum kostnaði.

Eftirlitsstofnunin telur að einnig beri að styrkja ver sem framleiða endurnýjanlega orku sem þjónar heildarþörfum heils samfélags svo sem eyjar eða íbúðahverfis. Fjárfestingar í þessu skyni geta átt rétt á 10% bónus til viðbótar grunntaxtanum sem nemur 40% styrkhæfum kostnaði.

⁽²²⁾ Sbr. skilgreiningu á „bandalagsstaðall“ í 7. lið. Sjá einnig 5. lið.

⁽²³⁾ Sama athugasemd og í 21. nmgr.

⁽²⁴⁾ Sbr. skilgreiningu á „bandalagsstaðall“ í 7. lið. Sjá einnig 5. lið.

⁽²⁵⁾ Sjá orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar til ráðsins, Evrópuþingsins, efnahags- og félagsmálanefndarinnar og svæðanefndarinnar um aðgerðaáætlun til að efla orkunýtingu í Evrópubandalaginu (COM (2000) 247 lokagerð, 26.4.2000).

⁽²⁶⁾ Með „umbreytingarnýtni“ er átt við hlutfallið milli þess magns af frumorku sem er notuð til þess að framleiða annars stigs orku og þess magns sem raunverulega er framleitt. Hún er reiknuð á eftirfarandi hátt: framleidd raforka + framleidd hitaorka/orka sem er notuð.

⁽²⁷⁾ Sjá ályktun ráðsins frá 18. desember 1997 um áætlun bandalagsins um að efla sameinaða orkuhitaframleiðslu (Stjtið. EB C 4, 8.1.1998, bls. 1).

⁽²⁸⁾ Sbr. skilgreiningu á „bandalagsstaðall“ í 7. lið. Sjá einnig 5. lið.

⁽²⁹⁾ Sjá ályktun ráðsins frá 8. júní 1998 um endurnýjanlega orkugjafa (Stjtið. EB C 198, 24.6.1998, bls. 1).

Eftirlitsstofnunin telur að þegar hægt er að sýna fram á nauðsyn þess muni EFTA-ríkin geta veitt fjárfestingaraðstoð til styrktar endurnýjanlegri orku sem nemur allt að 100% af styrkhæfum kostnaði. Viðkomandi orkuver munu ekki eiga rétt á neinum frekari stuðningi.

D.1.4 Aukagreiðslur til fyrirtækja á styrktum svæðum

28. Fyrirtæki á svæðum sem eiga rétt á innlendum byggðastyrk geta fengið aðstoð til þess að efla byggðaðþróun. Til þess að hvetja þau til þess að fjárfesta frekar í umhverfisvernd, ætti að vera hægt, þar sem við á, að veita viðbótaraðstoð vegna allra umhverfisfjárfestinga sem ráðist er í samkvæmt 24. lið⁽³⁰⁾.
29. Á svæðum sem eiga rétt á byggðastyrk er því hámarksupphæð umhverfisaðstoðar vegna styrkhæfs kostnaðar, eins og hann er skilgreindur í 32. lið hér á eftir, ákveðin sem hér segir:

Á styrktum svæðum er leyfileg hámarksaðstoð sú af hærri eftirfarandi tveimur valkostum:

- a) annaðhvort grunnaðstoð vegna umhverfisfjárfestingaraðstoðar, þ.e. 30% brúttó (staðlað fyrirkomulag), 40% brúttó (fjárfestingar í orkusparnaði, í endurnýjanlegum orkugjöfum eða til þess að efla sameinaða framleiðslu á raforku og hita) eða 50% brúttó (fjárfestingar í endurnýjanlegum orkugjöfum sem sjá heilu byggðalagi fyrir orku), að viðbættum 5% brúttó á svæðum sem falla undir c-lið 3. mgr. 61. gr. og 10% á svæðum sem falla undir a-lið 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins⁽³¹⁾,
- b) eða byggðastyrkur að viðbættum 10 prósentustigum brúttó.

D.1.5 Aukagreiðslur til lítilla og meðalstórra fyrirtækja

30. Ef um er að ræða fjárfestingu af því tagi sem um getur í 24. til 27. lið sem lítil eða meðalstór fyrirtæki leggja í, er heimilt að auka aðstoðina um tíu prósentustig brúttó⁽³²⁾. Í þessum leiðbeiningum á skilgreining í gildandi EES-reglu við um hugtakið lítið eða meðalstórt fyrirtæki⁽³³⁾.

Fyrirnefndar aukagreiðslur fyrir styrkt svæði og lítil og meðalstór fyrirtæki má sameina, en hámark umhverfisaðstoðar má aldrei fara yfir 100% brúttó af styrkhæfum kostnaði. Lítil og meðalstór fyrirtæki eiga ekki rétt á tvöföldum aukagreiðslum hvorki samkvæmt ákvæðum um byggðastyrki né gildandi ákvæðum á sviði umhverfismála⁽³⁴⁾.

D.1.6 Fjárfestingar sem um ræðir

31. Viðkomandi fjárfestingar eru fjárfestingar í landi sem eru algerlega nauðsynlegar til þess að uppfylla umhverfismarkmið, fjárfestingar í byggingum, verksmiðjum og búnaði sem ætlaður er til þess að draga úr eða koma í veg fyrir mengun og spjöll, og fjárfestingar til þess að aðlaga framleiðsluaðferðir í því skyni að vernda umhverfið.

Einnig kemur til greina að veita aðstoð vegna útgjalda í tengslum við tækniyfirfærslu í formi kaupa á rekstrarleyfum eða verkunnáttuleyfum hvort sem um er að ræða einkaleyfi eða almenn leyfi. En slík óáþreifanleg eign verður að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

⁽³⁰⁾ Þessar aukagreiðslur bjóðast ekki ef EFTA-ríkin veita fjárfestingaraðstoð í samræmi við 3. mgr. 27. liðar (aðstoð sem nemur allt að 100% af styrkhæfum kostnaði).

⁽³¹⁾ Fjárfestingar á styrktum svæðum geta fengið fjárfestingaraðstoð ef skilyrði 25. kafla leiðbeininga Eftirlitsstofnunarinnar um ríkisaðstoð eru uppfyllt.

⁽³²⁾ Þessi aukagreiðsla býðst ekki ef EFTA-ríki veitir fjárfestingaraðstoð í samræmi við 3. mgr. 27. liðar (aðstoð sem nemur allt að 100% af styrkhæfum kostnaði).

⁽³³⁾ Sem stendur skilgreiningin í kafla 10.2 í leiðbeiningum Eftirlitsstofnunarinnar um aðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja sem samsvarar tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 96/280/EB frá 3. apríl 1996 þar sem lítil og meðalstór fyrirtæki eru skilgreind (Stjtið. EB L 107, 30.4.1996, bls. 4).

⁽³⁴⁾ Fjárfestingar lítilla og meðalstórra fyrirtækja geta fengið fjárfestingaraðstoð samkvæmt ákvæðum reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 70/2001 frá 12. janúar 2001, um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálsins um ríkisaðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja (Stjtið. EB L 10, 13.1.2001, bls. 33), sem verður tekin upp í XV. viðauka við EES-samninginn.

- a) hún verður að teljast sem afskrifanleg eign,
- b) hún verður að vera keypt á markaðskjöllum af fyrirtæki sem kaupandi hefur engin bein eða óbein yfirráð yfir,
- c) hana verður að telja með eignum fyrirtækisins og vera í starfsstöð styrkþega og notuð þar í að minnsta kosti fimm ár. Þessi skilyrði gilda ekki ef þessar óáþreifanlegu eignir eru tæknilega úreltar. Ef hún er seld á þessu fimm ára tímabili, verður að draga söluandvirðið frá styrkhæfum kostnaði og endurgreiða alla aðstoðina eða hluta hennar, eftir því sem við á.

D.1.7 Styrkhæfur kostnaður

32. Eingöngu aukafjárfestingarkostnaður sem er nauðsynlegur til að ná umhverfismarkmiðum telst styrkhæfur.

Þetta hefur eftirfarandi í för með sér: Þegar erfitt er að aðskilja kostnað vegna umhverfisverndarfjárfestinga frá heildarkostnaði mun Eftirlitsstofnunin taka mið af hlutlægum og gagnsæjum aðferðum við útreikning, þ.e. af kostnaði vegna fjárfestinga sem eru tæknilega séð sambærilegar en gera þó ekki kleift að ná fram jafnmikilli umhverfisvernd.

Í öllum tilvikum skal reikna hreinan styrkhæfan kostnað að frádregnum ágóða af hvers kyns aukningu á framleiðslugetu, kostnaðarsparnaði á fyrstu fimm fjárfestingarárunum og viðbótaframleiðslu á þessu fimm ára tímabili⁽³⁵⁾.

Hvað varðar endurnýjanlega orku er styrkhæfur kostnaður alla jafna viðbótarkostnaður sem fyrirtækið tekur á sig samanbúið við hefðbundið orkuver með sömu afkastagetu hvað varðar raunverulega orkuframleiðslu.

Þegar lítil og meðalstór fyrirtæki laga sig að nýjum bandalagsstöðlum⁽³⁶⁾ eru viðbótarfjárfestingar, sem þörf er á til þess að ná tilskilinni umhverfisvernd samkvæmt þessu stöðlum, taldar með í styrkhæfum kostnaði.

Ef fyrirtæki er að laga sig að innlendum stöðlum sem settir eru vegna þess að engir bandalagsstaðlar eru til, samanstendur styrkhæfur kostnaður af þeim viðbótarfjárfestingarkostnaði sem er nauðsynlegur til þess að stuðla að þeirri umhverfisvernd sem krafist er í innlendu stöðlunum.

Ef fyrirtæki er að laga sig að innlendum stöðlum, sem eru strangari en bandalagsstaðlar, eða ákveður sjálft að gera betur en kveðið er á um í bandalagsstöðlum samanstendur styrkhæfur kostnaður af þeim viðbótarfjárfestingarkostnaði sem nauðsynlegur er til þess að stuðla að meiri umhverfisvernd en kveðið er á um í bandalagsstöðlum. Fjárfestingarkostnaður sem þörf er á til þess að ná fram þeirri vernd sem kveðið er á um í bandalagsstöðlum er ekki styrkhæfur.

Ef engir staðlar eru fyrir hendi samanstendur styrkhæfur kostnaður af þeim fjárfestingarkostnaði sem er nauðsynlegur til þess að stuðla að meiri umhverfisvernd en fyrirtækið eða fyrirtækin sem um ræðir hefðu náð ef engin umhverfisaðstoð hefði komið til.

D.1.8 Hreinsun á menguðum iðnaðarsvæðum

33. Vinna sem fyrirtæki ræðst í til þess að bæta umhverfisspjöll með því að hreinsa menguð iðnaðarsvæði getur fallið undir þessar leiðbeiningar⁽³⁷⁾. Umhverfisspjöll sem hér um ræðir geta verið spjöll á jarðvegi eða yfirborðs- eða grunnvatni⁽³⁸⁾.

⁽³⁵⁾ Ef fjárfestingamar varða eingöngu umhverfisvernd og af þeim er engin annar fjárhagslegur ávinningur er styrkhæfur kostnaður reiknaður án þess að til komi frekari skerðing.

⁽³⁶⁾ Sbr. skilgreiningu á „bandalagsstaðall“ í 7. lið. Sjá einnig 5. lið.

⁽³⁷⁾ Eftirlitsstofnunin tekur fram að hreinsunarvinna sem opinber yfirvöld annast telst sem slík ekki falla undir 61. gr. EES-samningsins. Spurningar um ríkisaðstoð kunna hins vegar að vakna ef land er selt að lokinni hreinsun á verði undir markaðsverði þess.

⁽³⁸⁾ Öll útgjöld fyrirtækis vegna hreinsunar á menguðu svæði, hvort sem hægt er að telja slík útgjöld til sem fastafjármuni á efnahagsreikningi eða ekki, teljast vera styrkhæf fjárfesting þegar um er að ræða hreinsun á menguðum svæðum.

Þegar vitað er hver ber ábyrgð á menguninni, verður viðkomandi að fjármagna hreinsunina í samræmi við „mengunarbótaregluna“ og óheimilt er að veita ríkisaðstoð. Með „sá sem ber ábyrgð á menguninni“ er átt við ábyrgan aðila samkvæmt gildandi lögum í hverju EFTA-ríki, með fyrirvara um samþykkt EES-reglna í þessu efni.

Ef ekki er vitað hver ber ábyrgð á menguninni, eða ekki er hægt að draga viðkomandi til ábyrgðar, getur sá sem ber ábyrgð á verkframkvæmdunum fengið aðstoð⁽³⁹⁾

Aðstoð til þess að hreinsa menguð iðnaðarsvæði getur numið allt að 100% af styrkhæfum kostnaði, að viðbættum 15% af kostnaði vegna verksins. Styrkhæfur kostnaður er jafn kostnaði vegna framkvæmdanna að frádreginni virðisaukningu á landinu.

Heildarupphæð aðstoðarinnar má ekki undir neinum kringumstæðum vera hærri en raunveruleg útgjöld fyrirtækisins.

D.1.9 Flutningur fyrirtækja

34. Eftirlitsstofnunin er þeirrar skoðunar að alla jafna teljist flutningur á fyrirtækjum ekki vera umhverfisvernd og eigi því ekki rétt á aðstoð samkvæmt þessum leiðbeiningum.

Þó er heimilt að veita aðstoð þegar fyrirtæki, sem er á borgarsvæði eða svæði sem tilgreint er sem Natura 2000⁽⁴⁰⁾ annast löglega starfsemi sem veldur verulegri mengun og verður vegna þessarar staðsetningar að flytja verksmiðju sína til svæðis sem hentar betur.

Uppfylla verður öll eftirfarandi skilyrði samtímis:

- a) Flutningurinn verður að teljast nauðsynlegur af umhverfisverndarástæðum og fyrirskipaður með stjórnvaldsákvörðun eða dómi.
- b) Fyrirtækið verður að uppfylla ströngustu umhverfisstaðla á nýja svæðinu sem það flytur til.

Fyrirtæki sem uppfyllir fyrnefnd skilyrði getur fengið fjárfestingaraðstoð samkvæmt 24. lið. Ákvæði 30. liðar varðandi aukagreiðslur til lítilla og meðalstórra fyrirtækja gilda.

Þegar Eftirlitsstofnunin ákvarðar styrkhæfan kostnað vegna flutnings fyrirtækis mun hún taka mið af hagnaði af sölu eða leigu á yfirgefni verksmiðju eða landi, bótum vegna eignarnáms og kostnaði vegna kaupa á landi eða smíði eða kaupa á nýrri verksmiðju með sömu afkastagetu og yfirgefna verksmiðjan. Einnig er heimilt að taka tillit til annars hagnaðar í tengslum við flutning á verksmiðju, einkum hagnaðar vegna endurbóta, sem leiðir af flutningnum, á tækni sem notuð er og bókhaldshagnaðar sem tengist betri nýtingu verksmiðjunnar. Fjárfestingar vegna hvers kyns aukningar á afkastagetu má ekki taka til greina við útreikning á styrkhæfum kostnaði sem veitir rétt til umhverfisaðstoðar.

Ef stjórnsýsluákvörðun eða dómsorð sem fyrirskipar breytingu á staðsetningu leiðir til ótímabærrar uppsagnar á leigusamningi fyrir land eða byggingar má taka til greina við útreikning á styrkhæfum kostnaði allar sektir sem lagðar eru á fyrirtækið vegna uppsagnarinnar.

D.1.10 Almennar reglur

35. Ekki má veita aðstoð vegna fjárfestinga til að gera betur en kveðið er á um í stöðlum bandalagsins eða sem ráðist er í þegar engir bandalagsstaðlar eru fyrir hendi þegar slíkar umbætur ganga ekki lengra en að laga fyrirtæki að bandalagsstöðlum sem þegar hafa verið samþykktir en ekki enn öðlast gildi⁽⁴¹⁾. Eingöngu er heimilt er að veita fyrirtæki aðstoð til að gera því kleift að fara að innlendum stöðlum, sem eru strangari en bandalagsstaðlar, eða þegar engir bandalagsstaðlar eru fyrir hendi, ef

⁽³⁹⁾ Í þessum skilningi þarf sá sem ber ábyrgð á verkframkvæmdum ekki nauðsynlega að vera sá sami og ber ábyrgð á menguninni.

⁽⁴⁰⁾ Sjá tilskipun ráðsins 92/43/EBE frá 21. maí 1992 um varðveislu náttúrulegra heimkynna villtra dýra og jurta (Stjtið. EB L 206, 22.7.1992, bls. 7), sem er hluti af Evrópska umhverfisnetinu sem þekkt er sem Natura 2000. (EFTA-ríkin taka ekki þátt í þessari áætlun, en til eru ákveðin svæði í EFTA-ríkjunum sem hægt er að flokka sem Natura 2000 og í slíkum tilvikum telur Eftirlitsstofnunin að EFTA-ríkin ættu að geta veitt aðstoð í samræmi við 34. lið.)

⁽⁴¹⁾ Sbr. skilgreiningu á „bandalagsstaðall“ í 7. lið. Sjá einnig 5. lið.

það uppfyllir innlendu staðlana innan frestsins sem kveðið er á um í þeim. Fjárfestingar sem ráðist er í eftir þá dagsetningu koma ekki til greina⁽⁴²⁾.

D.2 Aðstoð við lítil og meðalstór fyrirtæki vegna ráðgjafarþjónustu á sviði umhverfismála

36. Ráðgjafarþjónusta gegnir veigamiklu hlutverki við að hjálpa litlum og meðalstórum fyrirtækjum að ná árangri í umhverfisvernd. Því telur Eftirlitsstofnunin að heimilt sé að veita aðstoð í samræmi við ákvæði reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 70/2001 frá 12. janúar 2001, sem verður tekin upp í XV. viðauka við EES-samninginn⁽⁴³⁾.

D.3 Rekstraraðstoð

D.3.1 Reglur um alla rekstraraðstoð vegna meðhöndlunar úrgangs og til að stuðla að orkusparnaði

37. Eftirfarandi reglur gilda um tvær gerðir rekstraraðstoðar, þ.e.:
- a) aðstoð vegna meðhöndlunar úrgangs þegar slík meðhöndlun samræmist þeim reglum um forgangsröðun sem leiða af meginreglum um meðhöndlun úrgangs⁽⁴⁴⁾,
 - b) aðstoð á sviði orkusparnaðar.
38. Þegar ljóst er að aðstoðin er algerlega nauðsynleg ber að takmarka hana alfarið við að bæta upp aukaframleiðslukostnað samanborið við markaðsverð viðkomandi vöru eða þjónustu⁽⁴⁵⁾. Slík aðstoð verður einnig að vera tímabundin og verður alla jafna að fara lakkandi þannig að hún virki sem hvatning til þess að verð endurspegli kostnað innan eðlilegra tímamarka.
39. Eftirlitsstofnunin telur að fyrirtæki skuli alla jafna standa undir kostnaði vegna meðhöndlunar á iðnaðarúrgangi í samræmi við „mengunarbótaregluna“. Þó kann rekstraraðstoð að teljast nauðsynleg þegar settir eru innlendir staðlar sem eru strangari en gildandi bandalagsstaðlar, eða þegar settir eru innlendir staðlar þegar bandalagsstaðlar eru ekki fyrir hendi, þannig að samkeppnishæfni fyrirtækja á alþjóðavettvangi skerðist tímabundið⁽⁴⁶⁾.
- Fyrirtæki sem fá rekstraraðstoð til þess að meðhöndla úrgang frá iðnfyrirtækjum eða annan úrgang verða að fjármagna veitta þjónustu í hlutfalli við þann úrgang sem til fellur hjá þeim og/eða hreinsunarkostnað.
40. Öll slík rekstraraðstoð er takmörkuð við fimm ár þar sem hún fer „lakkandi“. Hún má nema 100% af viðbótarkostnaði á fyrsta árinu en verður að lækka jafnt og þétt og vera lokið í lok fimmta ársins.
41. Þegar aðstoð fer ekki „minnkandi“ verður hún að takmarkast við fimm ár og hún má ekki fara yfir 50% af viðbótarkostnaðinum.

D.3.2 Reglur um hvers kyns rekstraraðstoð í formi skattalækkana eða -undanþágu

42. Þegar EFTA-ríkin ákveða að skattleggja tiltekna starfsemi vegna umhverfisverndar kunna þau að telja nauðsynlegt að gera ráð fyrir tímabundnum undanþágum fyrir tiltekin fyrirtæki einkum vegna skorts á samræmingu innan Evrópu eða vegna þess að hætta er á að alþjóðleg samkeppnishæfni fyrirtækjanna skerðist tímabundið. Alla jafna teljast slíkar undanþágur vera rekstraraðstoð

⁽⁴²⁾ Reglurnar sem kveðið er á um í þessum lið eru með fyrirvara um 23. lið varðandi aðstoð við lítil og meðalstór fyrirtæki.

⁽⁴³⁾ Sjá 34. nmgr. hér að framan.

⁽⁴⁴⁾ Sjá flokkun í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um endurskoðun á stefnumörkun bandalagsins fyrir meðhöndlun úrgangs (COM(96) 399 lokagerð frá 30.7.1996). Í þessari orðsendingu minnir framkvæmdastjórnin á að meðhöndlun úrgangs er meginmarkmið bandalagsins til þess að draga úr hættu fyrir umhverfið. Því ber að skoða hugtakið meðhöndlun á úrgangi frá þremur hliðum: endurnotkun, endurnýtingu og endurheimt. Úrgangur sem ekki er hægt að komast hjá að framleiða verður að meðhöndla og farga á hættulausan hátt. Þessi orðsending er af lagalegum ástæðum ekki tekin upp í EES-samninginn. Sambærilega flokkun á úrgangi er þó að finna í allmörgum bindandi ákvörðunum ráðsins sem hafa verið teknar upp í EES-samninginn með XX. viðauka, til dæmis ákvörðunum ráðsins C 94/3, C 94/904 og C 2000/532. Til þess að meta hvort aðgerð EFTA-ríkis feli í sér einhverja ríkisaðstoð mun Eftirlitsstofnunin byggja ákvarðanir sínar á flokkun sem kemur fram í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar til þess að finna nákvæma viðmiðun. Annars væri ekki hægt að dæma aðgerðir EFTA-ríkis samkvæmt sömu skilyrðum og aðgerðir aðildarríkis EB.

⁽⁴⁵⁾ Hugtakið framleiðslukostnað ber að skilja að frádræginni hvers kyns aðstoð en sem í felst eðlilegur hagnaður.

⁽⁴⁶⁾ Sbr. skilgreiningu á „bandalagsstaðall“ í 7. lið. Sjá einnig 5. lið.

samkvæmt 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Við mat á því hvort slíkar ráðstafanir geta fengið undanþágu frá almenna banninu við ríkisaðstoð sem kveðið er á um í 1. mgr. 61. gr. verður meðal annars að ganga úr skugga um hvort viðkomandi skattur samsvarar skatti sem á að leggja á í Evrópubandalaginu samkvæmt ákvörðun bandalagsins⁽⁴⁷⁾. Þetta atriði kemur til með að skipta höfuðmáli við mat á því hvort alþjóðleg samkeppnishæfni skattgreiðandans skerðist.

43. Ef skatturinn samsvarar ekki skatti sem á að leggja á í Evrópubandalaginu samkvæmt ákvörðun bandalagsins, geta fyrirtæki sem skatturinn snertir átt í erfiðleikum með að aðlagast þessari nýju skattbyrði nægjanlega fljótt. Við slíkar aðstæður kann tímabundin undanþága sem gerir ákveðnum fyrirtækjum kleift að laga sig að nýjum aðstæðum að vera réttlætanleg.
44. Ef skatturinn samsvarar skatti sem verður lagður á í Evrópubandalaginu samkvæmt bandalagstilskipun má gera ráð fyrir tveimur möguleikum:
- a) EFTA-ríki leggur hærri skatta á ákveðnar vörur en nemur lágmarksskatthlutfalli því sem mælt er fyrir um í bandalagstilskipuninni og veitir tilteknum fyrirtækjum undanþágu sem þannig lenda í lægra skatthlutfalli en þó a.m.k. jafnháu og lágmarkshlutfallið sem kveðið er á um í tilskipuninni. Eftirlitsstofnunin telur að undir þessum kringumstæðum sé hægt að réttlæta tímabundna undanþágu til þess að gera fyrirtækjum kleift að laga sig að hærri skattlagningu og vera þeim hvati til þess að starfa á vistvænni hátt.
 - b) EFTA-ríki leggur skatta á ákveðnar vörur og skatthlutfallið er jafnhátt og lágmarksskatthlutfall það sem mælt er fyrir um í bandalagstilskipuninni og veitir tilteknum fyrirtækjum undanþágu, sem þannig eru skattlögð minna en sem nemur téðu lágmarksskatthlutfalli. Hefði slík undanþága ekki verið heimiluð í Evrópubandalaginu með umræddri tilskipun teldist hún vera aðstoð sem samrýmdist ekki 61. gr. EES-samningsins. Hefði slík undanþága verið heimiluð í Evrópubandalaginu með tilskipuninni gæti Eftirlitsstofnunin talið að hún samrýmdist 61. gr. að svo miklu leyti sem hún er nauðsynleg og ekki óhófleg í ljósi þeirra markmiða sem fylgt er á EES. Eftirlitsstofnunin mun sérstaklega leitast við að tryggja að slík undanþága takmarkist að öllu leyti við ákveðinn frest.
45. Alla jafna ættu umræddar skattaráðstafanir að stuðla að umtalsverðri umhverfisvernd. Gæta verður þess að tryggja að undanþágur, eðlis sín vegna, skaði ekki sett markmið.
46. Þessar undanþágur geta falið í sér rekstraraðstoð sem heimilt er að samþykkja með eftirfarandi skilyrðum:
- 46.1 Ef EFTA-ríki leggur á nýjan skatt vegna umhverfissjónarmiða á atvinnugrein eða á vörur þar sem engin samsvarandi skattasamræming Evrópubandalagsins hefur farið fram eða þegar fyrirhugaður skattur EFTA-ríkis er hærri en kveðið er á um í bandalagsrétti telur Eftirlitsstofnunin að hægt sé að réttlæta ákvarðanir um undanþágu sem tekur til tíu ára tímabils og fer ekki stíglækkandi í tveimur tilvikum:
- a) þessar undanþágur falla undir samninga milli viðkomandi EFTA-ríkja og styrktu fyrirtækjanna þar sem fyrirtækin eða fyrirtækjasamtökin skuldbinda sig til þess að ná umhverfisverndarmarkmiðum á tímabilinu sem undanþágan gildir um eða þegar fyrirtækin gera valfrjálsta samninga sem hafa sömu áhrif. Slíkir samningar eða skuldbindingar geta meðal annars varðað minnkun á orkunotkun, minnkun á losun eða hvers kyns aðrar umhverfisráðstafanir. Hvert EFTA-ríki um sig skal semja um efni slíkra samninga og það metið af Eftirlitsstofnuninni þegar áætlanir um aðstoð eru tilkynntar henni. EFTA-ríkin verða að tryggja strangt eftirlit með skuldbindingum fyrirtækja eða fyrirtækjasamtaka. Í samningum sem gerðir eru milli EFTA-ríkis og viðkomandi fyrirtækja verður að mæla fyrir um viðurlög sem beita má ef ekki er staðið við skuldbindingar.

⁽⁴⁷⁾ Sjá 5. lið.

Þessi ákvæði gilda einnig þegar EFTA-ríki lækka skatta með skilyrðum sem hafa sömu áhrif og ráðstafanirnar eða skuldbindingarnar sem um getur hér að framan.

- b) Þessar undanþágur þurfa ekki að falla undir samninga milli viðkomandi EFTA-ríkja og styrktu fyrirtækjanna ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:
 - þegar lækkunin varðar skatt sem samsvarar samræmdum skatti Evrópubandalagsins verður upphæðin sem fyrirtækin raunverulega greiða eftir lækkun að vera áfram hærri en lágmarksskattur Evrópubandalagsins til þess að hvetja fyriræki til þess að auka umhverfisvernd,
 - þegar lækkunin varðar skatt sem samsvarar ekki skatti sem hefur verið samræmdur í Evrópubandalaginu verða fyrirtæki sem geta fengið lækkun samt sem áður að greiða umtalsverðan hluta innlenda skattsins.

46.2 Hægt er að beita ákvæðum liðar 46.1 um gildandi skatta ef eftirfarandi tvö skilyrði eru uppfyllt samtímis:

- a) umræddur skattur verður að hafa umtalsverð jákvæð áhrif á sviði umhverfisverndar,
- b) undanþágur fyrir viðkomandi fyrirtæki verða að hafa verið ákveðnar þegar skatturinn var tekinn upp eða verða að hafa orðið nauðsynlegar í kjölfar umtalsverðra breytinga í efnahagsmálum sem settu fyrirtækin í sérlega erfiða samkeppnisstöðu. Í síðara tilvikinu má upphæð lækkunarinnar ekki fara yfir hækkun á kostnaði í kjölfar efnahagsbreytinganna. Um leið og ekki er lengur um að ræða kostnaðaraukningu gildir lækkunin ekki lengur.

46.3 EFTA-ríkin geta einnig hvatt til þróunar á aðferðum við að framleiða raforku úr hefðbundnum orkugjöfum svo sem gasi sem hefur miklu hærri orkunýtni en sem fæst með hefðbundnum framleiðsluaðferðum. Í slíkum tilvikum, að teknu tilliti til mikilvægis slíkrar tækni fyrir umhverfisvernd og að því gefnu að frumorkan sem er notuð dragi merkjanlega úr neikvæðum áhrifum með tilliti til umhverfisverndar, telur Eftirlitsstofnunin að unnt sé að réttlæta heildarundanþágu frá sköttum í fimm ár og að slík aðstoð lækki í áföngum. Einnig er heimilt að veita undanþágur til tíu ára í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í liðum 46.1 og 46.2.

47. Þegar gildandi skattar hækka verulega og ef viðkomandi EFTA-ríki telur að þörf sé á undanþágum fyrir ákveðin fyrirtæki gilda skilyrðin sem kveðið er á um í lið 46.1 á samsvarandi hátt um nýja skatta.

48. Þegar viðkomandi lækkanir varða skatt sem samsvarar skatti sem á að samræma innan Evrópubandalagsins og þegar innlendi skatturinn er lægri eða jafnhár og samsvarandi lágmarksskattur bandalagsins telur Eftirlitsstofnunin að ekki sé hægt að réttlæta langtímaundanþágur.

Í öllum tilvikum þegar um er að ræða skattalækkun er EFTA-ríkjunum hinsvegar heimilt að veita rekstraraðstoð í samræmi við 40. og 41. lið ef lækkunin uppfyllir skilyrðin í þeim liðum. Ef skatturinn samsvarar skatti sem á að samræma innan Evrópubandalagsins verður í öllu falli að kveða á um skýlausa heimild til þess að veita undanþágu frá lágmarksskatti bandalagsins í samsvarandi ákvæði bandalagsins um skattasamræmingu.

D.3.3 Reglur um rekstraraðstoð vegna endurnýjanlegra orkugjafa

49. Hvað varðar framleiðslu á endurnýjanlegri orku er rekstraraðstoð yfirleitt heimil samkvæmt þessum leiðbeiningum.

50. Eftirlitsstofnunin telur að meðhöndla eigi slíka aðstoð með sérstökum hætti vegna erfiðleika sem þessir orkugjafar hafa oft mætt í virkri samkeppni við hefðbundna orkugjafa. Einnig ber að hafa í huga að það er almennt markmið að hvetja til uppbyggingar á þessum orkugjöfum, einkum af umhverfisverndarástæðum. Aðstoð kann einkum að vera nauðsynleg þegar tiltækar tæknaðferðir koma í veg fyrir að orka sé framleidd á einingarkostnaði sem stenst samanburð við kostnað vegna hefðbundinna orkugjafa.
51. Í þessu tilviki má réttlæta rekstraraðstoð til þess að mæta mismuninum á kostnaði af framleiðslu orku úr endurnýjanlegum orkugjöfum og markaðsverði þeirra orku. Form slíkrar aðstoðar kann að vera mismunandi allt eftir því um hvaða orku er að ræða og stuðningsfyrirkomulag sem komið er á af EFTA-ríkinu. Ennfremur mun Eftirlitsstofnunin taka mið af samkeppnisstöðu þeirrar orku sem um ræðir hverju sinni þegar hún hefur mál til athugunar.
52. EFTA-ríkjunum er heimilt að veita aðstoð vegna endurnýjanlegra orkugjafa sem hér segir:

D.3.3.1 *Valkostur 1*

53. Á sviði endurnýjanlegrar orku er fjárfestingarkostnaður á hverja framleiðslueiningu sérstaklega hár og er alla jafna verulegur hluti af kostnaði fyrirtækis og gerir fyrirtækjum ekki kleift að vera með samkeppnishæf verð á mörkuðum þar sem þau selja orku.
54. Til þess að taka meira mið af þessum markaðshindrunum fyrir endurnýjanlega orku er EFTA-ríkjunum heimilt að veita aðstoð til þess að bæta mismuninn á framleiðslukostnaði endurnýjanlegrar orku og markaðsverðs á viðkomandi orku. Hugsanlega rekstraraðstoð er þó eingöngu heimilt að veita til að afskrifa orkuver. Öll viðbótarorka sem fyrirtækið framleiðir telst ekki styrkhæf. Aðstoðin getur þó einnig tekið til eðlilegrar veltu á fjármagni ef EFTA-ríkin geta sýnt fram á að slíkt sé óhjákvæmilegt að teknu tilliti til slæmrar samkeppnishæfni tiltekinna endurnýjanlegra orkugjafa.

Við ákvörðun á upphæð rekstraraðstoðar ber einnig að taka til greina alla fjárfestingaraðstoð til viðkomandi fyrirtækis vegna nýja versins.

Þegar EFTA-ríkin tilkynna aðstoðaráætlanir til Eftirlitsstofnunarinnar verða þau að greina nákvæmlega frá stuðningsfyrirkomulagi, einkum aðferðum við útreikning á aðstoð. Ef Eftirlitsstofnunin heimilar áætlunina verða EFTA-ríkin að beita þessu fyrirkomulagi og aðferðum við útreikning þegar þau veita fyrirtækjum aðstoð.

55. Ólíkt flestum öðrum endurnýjanlegum orkugjöfum krefst lífmassi tiltölulega minni fjárfestinga en hefur í för með sér hærri rekstrarkostnað. Því tekur Eftirlitsstofnunin mildilega á rekstraraðstoð sem er hærri en fjárfestingarupphæðin ef EFTA-ríkin geta sýnt fram á að samanlagður kostnaður fyrirtækjanna eftir afskriftir á orkuveri er áfram hærri en markaðsverð orkunnar.

D.3.3.2 *Valkostur 2*

56. EFTA-ríkjunum er heimilt að veita styrk til endurnýjanlegra orkugjafa með því að nota aðferðir markaðarins eins og t.d. græn vottorð eða útboð. Þessar ráðstafanir gera öllum framleiðendum endurnýjanlegrar orku kleift að njóta óbeint góðs af tryggðri eftirspurn eftir orku þeirra á herra verði en markaðsverði fyrir hefðbundna orku. Verð þessara grænu vottorða er ekki ákveðið fyrirfram heldur miðast við framboð og eftirspurn.
57. Þegar þessar ráðstafanir fela í sér ríkisaðstoð getur Eftirlitsstofnunin heimilað þær ef EFTA-ríkin geta sýnt fram á að stuðningur sé óhjákvæmilegur til að tryggja arðsemi viðkomandi endurnýjanlegra orkugjafa, leiði í heildina litið ekki til of hárra bóta til endurnýjanlegra orkugjafa og fæli ekki framleiðendur endurnýjanlegrar orku frá því að verða samkeppnishæfari. Til þess að ganga úr skugga um að þessum viðmiðum sé fullnægt ætlar Eftirlitsstofnunin að heimila þessar ráðstafanir í tíu ár, en að þeim tíma liðnum verður að meta hvort þörf er á að halda þessum stuðningsaðgerðum áfram.

D.3.3.3 Valkostur 3

58. EFTA-ríkjum er heimilt að veita rekstraraðstoð til nýrra vera sem framleiða endurnýjanlega orku sem reiknuð er á grundvelli þess ytri kostnaðar sem komist er hjá. Um er að ræða umhverfiskostnað sem þjóðfélagið yrði að standa undir ef sama magn af orku væri framleitt af framleiðsluveri sem starfrækt væri með hefðbundinni orku. Kostnaður er reiknaður út á grundvelli mismunarins á annars vegar ytri kostnaði sem framleiðendur endurnýjanlegrar orku stofna til en greiða ekki og hins vegar ytri kostnaði sem framleiðendur óendurnýjanlegrar orku stofna til en greiða ekki. Við þessa útreikninga verður EFTA-ríkið að nota alþjóðlega viðurkennda reikningsaðferð sem hefur verið komið á framfæri við Eftirlitsstofnunina. Meðal annars verður það að láta í té rökstudda og tölubúna samanburðargreiningu á kostnaði ásamt mati á ytri kostnaði þeirra orkuframleiðenda sem eiga í samkeppni til að sýna fram á að aðstoðin bæti í raun ytri kostnað sem framleiðendur greiða ekki.

Í öllu falli má fjárhæð aðstoðar sem þannig er veitt framleiðanda endurnýjanlegrar orku ekki fara yfir 0,05 evrur á kílóvattstund.

Ennfremur verða fyrirtæki að endurfjárfesta í endurnýjanlegum orkugjöfum þá upphæð aðstoðar til framleiðenda sem fer fram úr upphæð aðstoðar í valkosti 1. Eftirlitsstofnunin mun taka þessa aðstoð til greina ef starfsemin nýtur einnig ríkisaðstoðar.

59. Til þess að valkostur 3 samrýmist almennum samkeppnisreglum verður Eftirlitsstofnunin að vera þess fullviss að aðstoðin leiði ekki til röskunar á samkeppni sem stríðir gegn almennum hagsmunum. Með öðrum orðum, verður að vera víst að aðstoðin leiði til raunverulegrar heildaraukningar á notkun endurnýjanlegra orkugjafa á kostnað hefðbundinna orkugjafa en ekki einfaldlega til flutnings á markaðshlutdeild milli endurnýjanlegra orkugjafa. Því verður að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- aðstoð sem er veitt samkvæmt þessum valkosti verður að vera hluti af áætlun sem meðhöndlar fyrirtæki á sviði endurnýjanlegra orkugjafa á jafnréttisgrundvelli,
- áætlunin verður að gera ráð fyrir að aðstoð sé veitt án þess að mismuna fyrirtækjum sem framleiða samskonar endurnýjanlega orku,
- Eftirlitsstofnunin verður að endurskoða áætlunina á fimm ára fresti.

D.3.3.4 Valkostur 4

60. EFTA-ríkjunum er áfram heimilt að veita rekstraraðstoð í samræmi við almennar reglur um slíka aðstoð í 40. og 41. lið.

D.3.4 Reglur um rekstraraðstoð til sameinaðrar rafmagns- og hitaframleiðslu

61. Eftirlitsstofnunin telur að hægt sé að réttlæta rekstraraðstoð vegna sameinaðrar rafmagns- og hitaframleiðslu að því tilskildu að skilyrðin í 26. lið séu uppfyllt. Slíka aðstoð er heimilt að veita fyrirtækjum sem sjá almenningi fyrir rafmagni og hita þegar framleiðslukostnaður á slíkri raforku eða hita fer yfir markaðsverð. Við sambærilegar aðstæður er heimilt að veita rekstraraðstoð í samræmi við reglurnar í 53. og 60. lið. Við ákvörðun á hvort aðstoðin skiptir máli er tekið tillit til kostnaðar og tekna af framleiðslu og sölu á raforku eða hita.
62. Heimilt er að veita rekstraraðstoð með sömu skilmálum og fyrir sameinaða framleiðslu á raforku og hita til notkunar í iðnaði ef hægt er að sýna fram á að framleiðslukostnaður á hverja orkueiningu þar sem sú tækni er notuð sé hærri en markaðsverð einnar einingar hefðbundinnar orku. Framleiðslukostnaður má taka til eðlilegra fjármagnstekna orkuversins en draga verður allan hagnað fyrirtækisins af hitaorku frá framleiðslukostnaði.

E. STEFNUMÍÐ, AÐGERÐIR OG LEIÐIR TIL AÐ DRAGA ÚR LOFTTEGUNDUM SEM HAFA GRÓÐURHÚSAÁHRIF

63. Í Kyoto-bókuninni⁽⁴⁸⁾ er þess krafist að takmarka skuli eða dregið úr losun lofttegunda sem hafa gróðurhúsaáhrif á tímabilinu 2008-12. Eftirlitsstofnunin telur að ákveðnar leiðir sem samþykktar voru til að ná markmiðum bókunarinnar kunni að fela í sér ríkisaðstoð en að ekki sé enn tímabært að kveða á um skilyrði fyrir heimild slíkrar aðstoðar.

F. GRUNDVÖLLUR UNÐANÞÁGU FYRIR ÖLL VERKEFNI SEM EFTIRLITSSTOFNUNIN TEKUR TIL ATHUGUNAR

64. Að teknu tilliti til þeirra takmarkana og skilyrða sem sett eru í þessum leiðbeiningum mun Eftirlitsstofnunin heimila umhverfisaðstoð samkvæmt c-lið 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins vegna „aðstoðar til að greiða fyrir þróun ákveðinna greina atvinnulífsins eða ákveðinna efnahagssvæða enda hafi hún ekki svo óhagstæð áhrif á viðskiptaskilyrði að stríði gegn sameiginlegum hagsmunum“.
65. Samkvæmt undanþágunni í b-lið 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins er hægt að heimila aðstoð til að stuðla að framkvæmd mikilvægra verkefna, sem varða samevrópska hagsmuni og sem eru forgangsverkefni í umhverfisvernd, auk þess að hafa iðulega jákvæð áhrif út fyrir landamæri viðkomandi EFTA-ríkis eða EFTA-ríkja. Hins vegar verður aðstoðin að vera nauðsynleg til að framkvæma verkefnið, sem verður að vera sérstakt og vel afmarkað, í eðli sínu mikilvægt, dæmi til eftirbreytni og greinilega mikilsvert framlag til sameiginlegra evrópskra hagsmuna. Þegar þessari undanþágu er beitt getur Eftirlitsstofnunin heimilað víðtækari aðstoð en kveðið er á um í c-lið 3. mgr. 61. gr.

G. SKÖRUN AÐSTOÐAR FRÁ MISMUNANDI AÐILUM

66. Hámarksaðstoð sem kveðið er á um í þessum leiðbeiningum gildir óháð því hvort viðkomandi aðstoð er fjármögnuð að öllu leyti, eða að hluta til, af ríkisfjármunum, eða fjármunum sem veitt er til EES-samvinnu. Aðstoð sem er heimiluð samkvæmt þessum leiðbeiningum má ekki sameina annars konar ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins eða annarri fjármögnun frá Evrópubandalaginu sem fæst með þátttöku EFTA-ríkjanna í áætlunum bandalagsins ef slík skörun leiðir til hærri aðstoðar en kveðið er á um í þessum leiðbeiningum.

Í tilvikum sem aðstoð er veitt í mismunandi tilgangi og sem hefur í för með sér sama styrkhæfa kostnaðinn þá gildir hagstæðasta hámark aðstoðar.

H. „VIÐEIGANDI RÁÐSTAFANIR“ Í SKILNINGI 1. MGR. 1. GR. BÓKUNAR 3 VIÐ SAMNINGINN UM EFTIRLITSSTOFNUN OG DÓMSTÓL

67. Á grundvelli þessara leiðbeininga og 1. mgr. 1. gr. bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól leggur Eftirlitsstofnunin til eftirfarandi viðeigandi ráðstafanir við EFTA-ríkin varðandi gildandi aðstoðarfyrirkomulag þeirra.
68. Til þess að gera Eftirlitsstofnuninni kleift að meta verulega háa styrki samkvæmt núverandi kerfum og ákveða hvort slík aðstoð samrýmist EES-samningnum leggur hún til sem viðeigandi ráðstöfun samkvæmt 1. mgr. 1. gr. bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól að EFTA-ríkin tilkynni henni fyrirfram um allar einstakar áætlanir um fjárfestingaraðstoð sem veitt er samkvæmt núverandi kerfi ef styrkhæfur kostnaður fer yfir 25 milljónir evrur og ef aðstoðin fer yfir brúttóstýrksígildi að upphæð fimm milljónir evrur. Tilkynningin skal taka til þeirra upplýsinga sem tilgreindar eru í viðauka við þessar leiðbeiningar.
69. Eftirlitsstofnunin mun einnig leggja til sem viðeigandi ráðstöfun samkvæmt 1. mgr. 1. gr. bókunar 3 við samninginn um Eftirlitsstofnun og dómstól að EFTA-ríkin lagi núverandi kerfi sín á sviði umhverfisaðstoðar að þessum leiðbeiningum fyrir 1. janúar 2002.

⁽⁴⁸⁾ Noregur og Liechtenstein hafa undirritað en ekki en enn fullgilt Kyoto-bókunina. Ísland hefur ekki undirritað hana. Hins vegar hafa öll löndin þrjú undirritað og fullgilt loftlagssamninginn, sem myndar ramma fyrir bókunina.

70. Eftirlitsstofnunin biður EFTA-ríkin að staðfesta innan eins mánaðar frá móttöku fyrirhugaðra ráðstafana sem um getur í 67. til 69. liðar hvort þau samþykkja tillögurnar. Berist ekkert svar lítur Eftirlitsstofnunin svo á að viðkomandi EFTA-ríki samþykki þær ekki.
71. Eftirlitsstofnunin bendir á að fyrir utan aðstoð sem flokkast sem lágmarksaðstoð (de minimis) samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 69/2001⁽⁴⁹⁾ sem verður tekin upp í XV. viðauka við EES-samninginn hafa þessar leiðbeiningar engin áhrif á skyldu aðildarríkjanna samkvæmt 3. mgr. 1. gr. bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól að tilkynna allar aðstoðaráætlanir, allar breytingar á þeim áætlunum og veitingu aðstoðar við einstaka fyrirtæki utan við leyfðar áætlanir.
72. Eftirlitsstofnunin hyggst tryggja að allar leyfisveitingar fyrir áætlanir í framtíðinni samrýmist þessum leiðbeiningum.

I. BEITING LEIÐBEININGANNA

73. Þessar leiðbeiningar gilda frá þeim degi sem þær voru samþykktar af Eftirlitsstofnun EFTA. Þær falla úr gildi 31. desember 2007. Að höfðu samráði við EFTA-ríkin er Eftirlitsstofnuninni heimilt að breyta þeim fyrir þann tíma til að taka mið af öðrum mikilvægum stefnumiðum svo sem í samkeppnismálum eða umhverfismálum.
74. Eftirlitsstofnunin mun beita þessum leiðbeiningum gagnvart öllum áætlunum um aðstoð sem tilkynntar eru ef hún er beðin um að taka ákvörðun eftir að hún hefur samþykkt þær, jafnvel þótt tilkynnt hafi verið um áætlanimar áður en þær voru samþykktar.

Ef ekki er tilkynnt um aðstoð mun Eftirlitsstofnunin beita:

- a) þessum leiðbeiningum ef aðstoð var veitt eftir að þær voru samþykktar,
- b) leiðbeiningunum frá 1994 gagnvart aðstoð til umhverfisverndar sem birtar voru í Stjtið. EB 231, 3.9.1994 og EES-viðbæti nr. 32, 3.9.1994, í öllum öðrum tilvikum þegar aðstoð er veitt.

J. SAMRÆMING UMHVERFISSTEFNU OG ANNARRA LEIÐBEININGA UM RÍKISAÐSTOÐ

75. Í 73.-75. gr. EES-samningsins er þess krafist að umhverfisvernd sé hluti af stefnumótun EFTA-ríkjanna á öðrum sviðum.

Þegar Eftirlitsstofnunin samþykkir eða endurskoðar aðrar leiðbeiningar eða rammaákvæði um ríkisaðstoð mun hún meta hvernig best sé að taka mið af þessum kröfum. Hún mun einnig athuga hvort ekki sé þörf á að biðja EFTA-ríkin um að leggja fram könnun á umhverfisáhrifum í hvert sinn sem þau tilkynna mikilvæga áætlun um aðstoð, óháð viðkomandi atvinnugrein.

⁽⁴⁹⁾ Stjtið. EB L 10, 13.1.2001, bls. 30.

*VIÐAUKI**VIÐBÓTARUPPLÝSINGAR SEM AÐJAFNAÐI VERÐUR AÐLÁTA Í TÉ ÞEGAR TILKYNNNT ER UM
RÍKISADSTOÐ Á SVIÐI UMhverfisverndar SAMKVÆMT 3. MGR. 1. GR. BÓKUNAR 3 VIÐ
SAMNINGINN UM EFTIRLITSSTOFNUN OG DÓMSTÓL**(Áætlanir, aðstoð sem veitt er samkvæmt samþykktari áætlun og aðstoð sem er veitt sérstaklega)***1. Markmið**

Nákvæm lýsing á markmiðum aðgerðarinnar og hverskonar umhverfisvernd henni er ætlað að stuðla að.

2. Lýsing á ráðstöfuninni

Nákvæm lýsing á ráðstöfuninni og styrkþegunum.

Lýsing á heildarkostnaði af viðkomandi fjárfestingum og styrkhæfum kostnaði.

Ef viðkomandi aðgerð hefur þegar verið beitt áður hvaða árangri hefur hún skilað á sviði umhverfismála?

Ef aðgerðin er ný hvaða árangri er henni ætlað að skila í umhverfismálum og á hvaða tímabili?

Ef veita á aðstoð til að taka upp betri staðla, skal skilgreina gildandi staðla og að hve miklu leyti ráðstöfunin geri kleift að ná fram verulega meiri umhverfisvernd?

Ef veita á aðstoð þegar engir staðlar eru fyrir hendi skal lýsa nákvæmlega hvernig styrkhæfur kostnaður er ákveðinn.

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál nr. COMP/M.2639 – Compass/Restorama/Rail Gourmet/Gourmet Nova)

2002/EES/6/20

1. Framkvæmdastjórninni barst 14. janúar 2002 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97⁽²⁾, þar sem breska fyrirtækið Compass Plc, öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar full yfirráð yfir Rail Gourmet Netherlands BV, Gourmet Nova Finland OY, hluta af viðskiptum Gourmet Nova UK (Manchester-flugvelli) og Restorama AG (Sviss), með kaupum á hlutum. Þessi fyrirtæki voru undir stjórn svissneska fyrirtækisins Sairlines.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Compass Plc: matvælaþjónusta,
 - Rail Gourmet Netherlands BV: matvælaþjónusta,
 - Gourmet Nova Finland OY: matvælaþjónusta,
 - Gourmet Nova UK: matvælaþjónusta,
 - Restorama AG: matvælaþjónusta.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum, sem eiga hagsmuna að gæta, kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. EB C 18, 22.1.2002. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. COMP/M.2639 – Compass/Restorama/Rail Gourmet/Gourmet Nova, á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Directorate B – Merger Task Force
Rue Joseph II/Jozef II-sstraat 70
B-1000 Bruxelles/Brussel.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 395, 30.12.1989, bls. 1, leiðrétt með Stjtið. EB L 257, 21.9.1990, bls. 13.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 180, 9.7.1997, bls. 1, leiðrétt með Stjtið

Upphaf málsmeðferðar
(Mál nr. COMP/M.2495 – Haniel/Fels)

2002/EES/6/21

Framkvæmdastjórnin ákvað 17.10.2001 að hefja málsmeðferð í fyrrnefndu máli eftir að hafa komist að niðurstöðu um að verulegur vafi leikur á að tilkynnt samfylking samrýmist hinum sameiginlega markaði. Upphaf málsmeðferðar leiðir til frekari rannsóknar á tilkynntri samfylkingu. Ákvörðunin byggist á c-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4046/89.

Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða samfylkingu á framfæri við sig.

Til að hægt sé að taka mið af athugasemdunum við málsmeðferðina verða þær að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en 15 dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB C 16, 19.1.2002. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 - 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. COMP/M.2495 – Haniel/Fels, á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Directorate B – Merger Task Force
Rue Joseph II/Jozef II-straat 70
B-1000 Bruxelles/Brussel.

Lýst eftir umsóknum um leyfi til að leita að olíu og gasi á svæði F13

2002/EES/6/22

Efnahagsmálaráðherra konungsríkisins Hollands tilkynnir hér með að umsókn um leyfi til að leita að olíu og gasi hafi borist fyrir svæði F13, sbr. kortið í I. viðauka við reglugerð frá 1996 um leyfi fyrir olíu- og gasvinnslu á landgrunninu (Stcrt. 93).

Í samræmi við b-lið 2. mgr. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni og birtingu á niundu hrinu umsókna um leyfi til að leita að olíu og gasi (Stjórnartíðindi Hollands nr. 33, 1995) gefur efnahagsmálaráðherra þeim aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að senda inn umsóknir um leyfi til að leita að olíu og gasi á svæði F13.

Umsóknir merktar „persoonlijk in handen” skulu sendar innan 13 vikna frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna C 362, 18.12.2001, á eftirfarandi heimilisfang:

Minister van Economische Zaken,
‘ter attentie van de directeur Olie en Gas’,
Bezuidenhoutseweg 6,
NL-2594 AV, Den Haag,
Nederland

Umsóknir sem berast eftir að tilskilinn frestur rennur út verða ekki teknar til greina.

Þegar hefur verið sótt um olíuframleiðsluleyfi fyrir hluta af svæði F13 (Stcrt. 93).

Ákvörðun um leyfisveitingu verður tekin eigi síðar en níu mánuðum eftir skilafrest.

Nánari upplýsingar fást í síma (+31 70) 379 66 85.

**Orðsending framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna um
málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 1. gr. tilskipunar ráðsins 96/67/EB**

2002/EES/6/23

Samkvæmt ákvæðum 4. mgr. 1. gr. tilskipunar ráðsins 96/67/EB frá 15. október 1996, um aðgang að flugafgreiðslumarkaðinum á flugvöllum bandalagsins⁽¹⁾, hefur framkvæmdastjórnin í upplýsingarskyni birt skrá yfir flugvellina, sem um getur í tilskipuninni, í Stjtið. EB 367, 21.12.2001.

**Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt a-lið 4. mgr.
1. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92**

2002/EES/6/24

Áætlunarflug í Breska konungsríkinu samkvæmt skyldu um opinbera þjónustu

Samkvæmt a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins hafa bresk stjórnvöld ákveðið að hefja áætlunarflug samkvæmt skyldu um opinbera þjónustu milli Hjaltlands og Unst-eyjar.

Sjá nánar í Stjtið. EB C 358, 15.12.2001.

**Tilkynning framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt a-lið 1. mgr.
4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92**

2002/EES/6/25

**Breytingar breskra stjórnvalda á áætlunarflugi milli Hjaltlands og Foula-eyja, Fair-eyjar,
Out Skerries og Papa Stour**

Bresk stjórnvöld hafa ákveðið að breyta áætlunarflugi milli Hjaltlands og Foula-eyja, Fair-eyjar, Out Skerries og Papa Stour, sbr. tilkynningu í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* C 394/05 frá 30. desember 1997, eins og henni var breytt í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* C 356/03 frá 12. desember 2000 samkvæmt a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins⁽²⁾.

Sjá nánar í Stjtið. EB C 358, 15.12.2001.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 272, 25.10.1996, bls. 36.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 240, 24.8.1992, bls. 8.

**Tilkynning framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt a-lið 1. mgr. 4. gr.
reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92**

2002/EES/6/26

Áætlunarflug í Bretlandi samkvæmt skyldu um opinbera þjónustu

Samkvæmt a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins⁽¹⁾ hafa bresk stjórnvöld ákveðið að hefja áætlunarflug á milli Orkneyjar (Kirkwall) og eyjanna Westreay, Sanday, Stronsay og Eday.

Sjá nánar í Stjtið. EB C 363, 19.12.2001.

Áætlunarflug

2002/EES/6/27

**Útboðslýsing frá Frakklandi, í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE)
nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992, varðandi áætlunarflug milli Roanne (Renaion) og Parísar (Orly)**

Í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins⁽¹⁾ hafa frönsk stjórnvöld ákveðið að hefja áætlunarflug samkvæmt skyldu um opinbera þjónustu milli Roanne (Renaion) og Parísar (Orly). Skilyrðin fyrir rekstri þessa áætlunarflugs voru birt í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* C 91, 30.3.2000.

Ef ekkert flugfélag hefur hafið eða er um það bil að hefja áætlunarflug á milli Roanne (Renaion) og Parísar (Orly), í samræmi við skylduna um opinbera þjónustu, hinn 20. mars 2002, og án þess að fara fram á bætur, hefur Frakkland ákveðið, í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, að takmarka aðgang að leiðinni við eitt flugfélag og bjóða réttinn til þess að veita þessa þjónustu, frá 20. apríl 2002, út í almennu útboði.

Öll útboðsgögn, ásamt reglum um tilhögun útboðsins, og framsalssamningur ásamt tæknilegum viðauka við hann (texti varðandi skyldu um áætlunarflug sem birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*) fást að kostnaðarlausu hjá:

Cahmbre de Commerce et d'Industrie du Roannais
4, rue Marengo
F-42334 Cedex

Sími: (33-4) 77 44 54 64
Bréfasími: (33-4) 77 72 17 17

Tilboðin skulu send í ábyrgðarpósti, og afhendist gegn kvittun fyrir móttöku, og gildir pósthimpill sem skiladagur, eða boðsend gegn kvittun fyrir móttöku, eigi síðar en fimm vikum frá birtingu þessarar tilkynningar í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* S 10 og C 11, 15.1.2002, fyrir kl. 17 00 að staðartíma, á fyrrnefnt heimilisfang.

Þessi tilkynning birtist í fullri lengd í Stjtið. EB C 11, 15.1.2002.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 240, 24.8.1992, bls. 8.

**Tilkynning framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt a-lið 1. mgr.
4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92**

2002/EES/6/28

**Breytingar franskra stjórnvalda á áætlunarflugi milli Monluçon
(Guéret) og Parísar (Orly) samkvæmt skyldu um opinbera þjónustu**

Frönsk stjórnvöld hafa ákveðið að breyta áætlunarflugi milli Monluçon (Guéret) og Parísar (Orly) samkvæmt skyldu um opinbera þjónustu, sbr. tilkynningu sem birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* C 62 frá 4. mars 1999 samkvæmt a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins⁽¹⁾.

Sjá nánar í Stjtið. EB C 358, 15.12.2001.

**Tilkynning framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt a-lið 1. mgr.
4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92**

2002/EES/6/29

Áætlunarflug í Bretlandi samkvæmt skyldu um opinbera þjónustu

Samkvæmt a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins hafa bresk stjórnvöld ákveðið að hefja áætlunarflug á milli Orkneyjar (Kirkwall) og eyjanna Papa Westray og North Ronaldsay.

Sjá nánar í Stjtið. EB C 367, 21.12.2001.

**Tilkynning framkvæmdastjórnarinnar um minniháttar samninga
sem takmarka ekki samkeppni á verulegan hátt samkvæmt 1. mgr. 81. gr.
stofnsáttmála Evrópubandalagsins (*de minimis*)⁽²⁾**

2002/EES/6/30

Framkvæmdastjórnin hefur birt drög að tilkynningu um minniháttar samninga sem takmarka ekki samkeppni á verulegan hátt samkvæmt 1. mgr. 81. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins (*de minimis*).

Sjá nánari upplýsingar í Stjtið. EB C 368, 22.12.2001.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 240, 24.8.1992, bls. 8.

⁽²⁾ Þessi tilkynning kemur í stað tilkynningar um minniháttar samninga sem birtist í Stjtið. EB C 372, 9.12.1997.

Orðsending frá framkvæmdastjórninni til aðildarríkjanna**2002/EES/6/31****Rammareglur fyrir margar atvinnugreinar um byggðaaðstoð fyrir stór fjárfestingarverkefni****Reglur um aðstoð við gervitrefjaiðnaðinn****Rammareglur bandalagsins um ríkisaðstoð við bílaiðnaðinn**

Framkvæmdastjórnin hefur birt orðsendingu um rammareglur fyrir margar atvinnugreinar um byggðaaðstoð fyrir stór fjárfestingarverkefni, reglur um aðstoð við gervitrefjaiðnaðinn og rammareglur bandalagsins um ríkisaðstoð við bílaiðnaðinn.

Sjá nánar í Stjtið. EB C 368, 22.12.2001.

**Birting ákvarðana aðildarríkjanna um að veita eða afturkalla rekstrarleyfi
samkvæmt 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2407/92 um veitingu flugrekstrarleyfa
til handa flugfélögum⁽¹⁾(²)**

2002/EES/6/32

Ákvarðanir aðildarríkjanna um að veita eða afturkalla flugrekstrarleyfi samkvæmt 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2407/92 um veitingu flugrekstrarleyfa til handa flugfélögum(1) í A-flokki (án þeirra takmarkana sem um getur í a-lið 7. mgr. 5. gr. í reglugerð nr. 2407/92) og/eða B-flokki (með þeim takmörkunum sem um getur í a-lið 7. mgr. 5. gr. í reglugerð nr. 2407/92) voru birtar í Stjtið. EB C 8, 11.1.2002. Sjá nánar í fyrirnefndum Stjtið. EB.

Austurríki hefur veitt tvö flugrekstrarleyfi í B-flokki og afturkallað tvö.

Belgía hefur afturkallað tvö flugrekstrarleyfi í A-flokki.

Danmörk hefur veitt eitt flugrekstrarleyfi í A-flokki og eitt í B-flokki. Að auki hefur heiti eins leyfishafa verið breytt.

Frakkland hefur veitt tvö flugrekstrarleyfi í A-flokki.

Grikkland hefur afturkallað eitt flugrekstrarleyfi í B-flokki.

Holland hefur veitt eitt flugrekstrarleyfi í B-flokki.

Spánn hefur veitt eitt flugrekstrarleyfi í A-flokki og fimm í B-flokki.

Svíþjóð hefur veitt eitt flugrekstrarleyfi í A-flokki og eitt í B-flokki. Eitt flugrekstrarleyfi í A-flokki og eitt í B-flokki hefur verið afturkallað. Að auki hefur heiti eins leyfishafa í A-flokki verið breytt.

Þýskaland hefur veitt þrjú flugrekstrarleyfi í B-flokki og afturkallað eitt leyfi í A-flokki.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 240, 24.8.1992, bls. 1.

⁽²⁾ Tilkynt framkvæmdastjórninni fyrir 31. júlí 2001.

Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir

2002/EES/6/33

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/34/EB frá 22. júní 1998 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða og reglna um þjónustuskrifstofur upplýsingasamfélagsins (Stjtið. EB L 204, 21.7.1998, bls. 37 og Stjtið. EB L 217, 5.8.1998, bls. 18).

Tilkynningar um drög að innlendum tæknilegum reglugerðum sem hafa borist framkvæmdastjórninni.

Tilvísun ⁽¹⁾	Titill	Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils ⁽²⁾
2001/472/NL	Reglugerð frá 2002 um undanþágu fyrir flutninga á hættulegum vörum með herbílum	1.3.2002
2001/481/A	Fyrirmæli fylkisstjóra Burgenlands frá ... um rekstrarákvæði um óreglubundna farþegaflutninga með ökutækjum sem ætluð eru til notkunar á vegum (rekstrarákvæði um óreglubundna farþegaflutninga 2002 (Bgld. BO 2002)	28.2.2002
2001/482/DK	Drög 2001 um endurskoðun á DS 418 og viðauka o.s.frv. 18. útgáfa: útreikningur á hitatapi frá byggingum	28.2.2002
2001/484/NL	Úrskurður um breytingu á byggingarúrskurði (geislastaðall)	25.2.2002
2001/485/A	Lög frá ... um fiskveiðar í Salzburg (Lög um fiskveiðar 2002)	1.3.2002
2001/486/UK	Lög um mismunun fatlaðra (þjónustuaðilar) (Breytingar á húsnæði) Reglugerðir (Norður-Írland) 2002	1.3.2002
2001/487/E	Drög að konunglegum úrskurði um breytingu á konunglegum úrskurði nr. 929 frá 9. júní 1995 um samþykkt tæknilegrar reglugerðar um eftirlit með og vottun á ávaxtatíðum úr skógrækt	4.3.2002
2001/489/D	Fyrstu fyrirmæli um breytingu á fyrirmælum um að takmarka losun kolvatnsefna við eldsneytisáyllingu vélknúinna ökutækja í útgáfunni sem þýska stjórnin samþykkti 21. nóvember 2001	4.3.2002

(¹) Ár – skráningarnúmer – upprunaaðildarríki.

(²) Á þessu tímabili er ekki heimilt að samþykkja drög.

(³) Ekkert stöðvunartímabil vegna þess að framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ástæður fyrir aðkallandi samþykki sem tilkynningarrikið bar fyrir sig.

(⁴) Ekkert stöðvunartímabil þar sem ráðstöfunin varðar tækniforskriftir eða aðrar kröfur í tengslum við skatta- eða fjármálaráðstafanir samkvæmt þriðja undirlið annarrar málsgreinar 11. mgr. 1. gr. tilskipunar 98/34/EB.

(⁵) Upplýsingameðferð lokið.

Framkvæmdastjórnin vekur athygli á dómi frá 30. apríl 1996 í málinu „CIA Security“ (C-194/94 – Dómasafn I, bls. 2201) þar sem dómstóllinn úrskurðaði að túlka bæri 8. og 9. gr. tilskipunar 98/34/EB (áður 83/189/EEB) á þann hátt að einstaklingar geti skírskotað til þeirra fyrir innlendum dómstóli og að dómstólnum bæri skylda til að neita að beita innlendri tæknilegri reglugerð sem ekki hefði verið tilkynnt samkvæmt tilskipuninni.

Þessi dómur staðfestir orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 1. október 1986 (Stjtið. EB C 245, 1.10.1986, bls. 4).

Því leiðir brot á tilkynningarskyldunni til þess að viðkomandi tæknilegar reglugerðir gilda ekki og því er ekki hægt að framfylgja þeim gagnvart einstaklingum.

Nánari upplýsingar um tilkynningarnar fást hjá stjórnsýsludeildum ríkjanna sem eru taldar upp hér að aftan.

**SKRÁ YFIR STJÓRNSÝSLUDEILDIR SEM ANNAST
UMSÝSLU VEGNA TILSKIPUNAR 98/34/EB****BELGÍA**

Institut belge de normalisation/Belgisch Instituut voor
Normalisatie
Avenue de la Brabançonne/Brabançonnellaan 29
B-1040 Brussels

Me Hombert

Sími: (32-2) 738 01 10

Bréfasími: (32-2) 733 42 64

X 4 0 0 : O = G W ; P = C E C ; A = R T T ; C = B E ; D D A : R F C -
822=CIBELNOR(A)IBN.BE

Tölvupóstfang: cibelnor@ibn.be

Me Descamps

Sími: (32 2) 206 46 89

Bréfasími: (32 2) 206 57 45

Tölvupóstfang: normtech@popost.eunet.be

DANMÖRK

Erhvervsfremme Styrelsen

Dahlerups Pakhus

Lagelinie Allé 17

DK-2100 København Ø

Hr. Keld Dybkjær

Sími: (45) 35 46 62 85

Bréfasími: (45) 35 46 62 03

X400:C=DK;A=DK400;P=EFS;S=DYBKJAER;G=KELD

Tölvupóstfang: kd@efs.dk

ÞÝSKALAND

Bundesministerium für Wirtschaft und Technologie

Referat V D 2

Villenomblerstraße 76

D-53123 Bonn

Herr Shirmer

Sími: (49 228) 615 43 98

Bréfasími: (49 228) 615 20 56

X400:C=DE;A=BUND400;P=BMW;O=BONN1;S=SHIRMER

Tölvupóstfang: Shirmer@BMW.Bund400.de

GRIKKLAND

Ministry of Development

General Secretariat of Industry

Michalacopoulou 80

GR-115 28 Athens

Sími: (30 1) 778 17 31

Bréfasími: (30 1) 779 88 90

ELOT

Acharnon 313

GR-11145 Athens

Mr. E. Melagrakis

Sími: (30 1) 212 03 00

Bréfasími: (30 1) 228 62 19

Tölvupóstfang: 83189@elot.gr

SPÁNN

Ministerio de Asuntos Exteriores

Secretaría de Estado de política exterior y para la Unión Europea

Dirección General de Coordinación del Mercado Interior y otras
Políticas Comunitarias

Subdirección general de asuntos industriales, energeticos,
transportes,

comunicaciones y medio ambiente

c/Padilla 46, Planta 2 a , Despacho 6276

E-28006 Madrid

Mrs. Nieves García Pérez

Sími: (34-91) 379 83 32

Mrs. María Ángeles Martínez Álvarez

Sími: (34-91) 379 84 64

Bréfasími: (34-91) 575 56 29/575 86 01/431 55 51

X400:C=ES;A=400NET;P=MAE;O=SEPEUE;S=D83-189

FRAKKLAND

Délégation interministérielle aux normes

SQUALPI

22, rue Monge

F-75005 Paris

Me Piau

Sími: (33 1) 43 19 51 43

Bréfasími: (33 1) 43 19 50 44

Tölvupóstfang: suzanne.piau@industrie.gouv.fr

X400:C=FR;A=ATLAS;O=TEDECO;S=IDMI-SQUAL

ÍRLAND

NSAI

Glasnevin

Dublin 9

Ireland

Mr. Owen Byrne

Sími: (353 1) 807 38 66

Bréfasími: (353 1) 807 38 38

X400:C=IE;A=EIRMAIL400;P=NRN;O=NSAI;S=BYRNEO

Tölvupóstfang: byrneo@nsai.ie

ÍTALÍA

Ministero dell'Industria, del commercio e dell'artigianato
via Molise 2
I-00100 Roma

Mr. P. Cavanna
Sími: (39 06) 47 88 78 60
X400:C=IT;A=MASTER400;P=GDS;OU1=M.I.C.A-ISPIND;
DDA:CLASSE=IPM;DDA:ID-NODO=BF9RM001;S=PAOLO
CAVANNA

Mr. E. Castiglioni
Sími: (39 06) 47 05 30 69/47 05 26 69
Bréfasími: (39 06) 47 88 77 48
Tölvupóstfang: Castiglioni@minindustria.it

LÚXEMBORG

SEE — Service de l'Énergie de l'État
34, avenue de la Porte-Neuve BP 10
L-2010 Luxembourg

M. J.P. Hoffmann
Sími: (352) 46 97 46 1
Bréfasími: (352) 22 25 24
Tölvupóstfang: jean-paul.hoffmann@eg.etat.lu

HOLLAND

Ministerie van Financiën — Belastingdienst — Douane
Centrale Dienst voor In- en uitvoer (CDIU)
Engelse Kamp 2
Postbus 30003
9700 RD Groningen
Nederland

Mh. IJ. G. van der Heide
Sími: (31 50) 523 91 78
Bréfasími: (31 50) 523 92 19

Mv. H. Boekema
Sími: (31 50) 523 92 75
Tölvupóstfang:
X400:C=NL;A=400NET;P=CDIU;OU1=CDIU;S=NOTIF

AUSTURRÍKI

Bundesministerium für wirtschaftliche Angelegenheiten
Abt. II/1
Stubenring 1
A-1011 Wien

Frau Haslinger-Fenzl
Sími: (43 1) 711 00 55 22/711 00 54 53
Bréfasími: (43 1) 715 96 51
X400:S=HASLINGER;G=MARIA;O=BMW;P=BMW;A=G
V;C=AT
Tölvupóstfang: maria.haslinger@bmw.gv.at
X400:C=AT;A=GV;P=BMW;O=BMW;OU=TBT;S=POST

PORTÚGAL

Instituto português da Qualidade
Rua C à Avenida dos Três vales
P-2825 Monte da Caparica

Mrs. Cândida Pires
Sími: (351 1) 294 81 00
Bréfasími: (351 1) 294 81 32
X400:C=PT;A=MAILPAC;P=GTW-MS;O=IPQ;OU1=
IPQM;S=DIR83189

FINNLAND

Kauppa- ja teollisuusministeriö
Ministry of Trade and Industry
Aleksanterinkatu 4
PL 230 (P.O. Box 230)
FIN-00171 Helsinki

Mr. Petri Kuurma
Sími: (358 9) 160 36 27
Bréfasími: (358 9) 160 40 22
Tölvupóstfang: petri.kuurma@ktm.vn.fi
Vefsetur: <http://www.vn.fi/ktm/index.html>
X400:C=FI;A=MAILNET;P=VN;O=KTM;S=TEKNISET;G=
MAARAYKSET

SVÍÐJÓÐ

Kommerskollegium
(National Board of Trade)
Box 6803
S-11386 Stockholm

Mrs. Kerstin Carlsson
Sími: (46) 86 90 48 00
Bréfasími: (46) 86 90 48 40
Tölvupóstfang: kerstin.carlsson@kommers.se
X400:C=SE;A=400NET;O=KOMKOLL;S=NAT NOT POINT
Vefsetur: <http://www.kommers.se>

BRESKA KONUNGRÍKIÐ

Department of Trade and Industry
Standards and Technical Regulations Directorate 2
Bay 327
151 Buckingham Palace Road
London SW 1 W 9SS
United Kingdom

Mrs. Brenda O'Grady
Sími: (44) 17 12 15 14 88
Bréfasími: (44) 17 12 15 15 29
X400:S=TI, G=83189, O=DTI, OU1=TIDV, P=HMG DTI,
A=Gold 400,
C=GB
Tölvupóstfang: uk98-34@gt.net.gov.uk
Vefsetur: <http://www.dti.gov.uk/strd>

EFTA – ESA

Eftirlitsstofnun EFTA (DRAFTTECHREGESA)

Rue de Trèves 74

1040 Bruxelles

Sími: + 32 2 286 1811

Bréfasími: +32 2 286 1800

Tölvupóstfang: DRAFTTECHREGESA @surv.efta.be

2002/EES/6/24	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt a-lið 4. mgr. 1. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 - Áætlunarflug í Breska konungsríkinu samkvæmt skyldu um opinbera þjónustu	84
2002/EES/6/25	Tilkynning framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 - Breytingar breskra stjórnvalda á áætlunarflugi milli Hjaltslands og Foula-eyja, Fair-eyju, Out Skerries og Papa Stour.	84
2002/EES/6/26	Tilkynning framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 - Áætlunarflug í Bretlandi samkvæmt skyldu um opinbera þjónustu	85
2002/EES/6/27	Áætlunarflug - Útboðslýsing frá Frakklandi, í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992, varðandi áætlunarflug milli Roanne (Renaion) og Parísar (Orly)	85
2002/EES/6/28	Tilkynning framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 - Breytingar franska stjórnvalda á áætlunarflugi milli Monluçon (Guéret) og Parísar (Orly) samkvæmt skyldu um opinbera þjónustu	86
2002/EES/6/29	Tilkynning framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 - Áætlunarflug í Bretlandi samkvæmt skyldu um opinbera þjónustu	86
2002/EES/6/30	Tilkynning framkvæmdastjórnarinnar um minniháttar samninga sem takmarka ekki samkeppni á verulegan hátt samkvæmt 1. mgr. 81. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins (<i>de minimis</i>)	86
2002/EES/6/31	Orðsending frá framkvæmdastjórninni til aðildarríkjanna um rammareglur fyrir margar atvinnugreinar um byggðaaðstoð fyrir stór fjárfestingarverkefni, reglur um aðstoð við gervitrefjaiðnaðinn og rammareglur bandalagsins um ríkisaðstoð við bílaiðnaðinn.	87
2002/EES/6/32	Birting ákvarðana aðildarríkjanna um að veita eða afturkalla rekstrarleyfi samkvæmt 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2407/92 um veitingu flugrekstrarleyfa til handa flugfélögum.	87
2002/EES/6/33	Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir	88

3. Dómstóllinn